



HÓLAR Í HJALTADAL

ENDURREISN ÞJÓÐMENNINGARSTAÐAR

FRUMHÖNNUN

Arna Björg Bjarnadóttir
Febrúar 2024

Unnið af Örnun Björgu Bjarnadóttur (Heimavinna ehf)
fyrir Hólastað með stuðningi frá Framkvæmdasjóði
ferðamannastaða 2023

Forsíðumynd: Magnús Barðdal, 2023

1. útgáfa – 13. febrúar 2024

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT 5-9

| | |
|--------------------------------------|---|
| Um verkefnið | 5 |
| Samantekt | 6 |
| Þjóðargersemi í fjallasal | 7 |
| Staðsetning | 8 |
| Forgangsverkefni á áfangastaðaáætlun | 9 |

INNVIÐIR 10-22

| | |
|------------------------------|----|
| Staða innviða | 11 |
| Móttaka / Þjónustuhús | 12 |
| Salerni | 13 |
| Göngustígar og hvíldarbekkir | 15 |
| Merkinga- og leiðakerfi | 16 |
| Tjaldstæði | 17 |
| Sundlaug | 18 |
| Aðgengi fyrir alla | 19 |
| Ásýnd og umhirða | 21 |

STAÐARHALD 22-33

| | |
|-------------------------------|----|
| Sjálfbært staðarhald | 23 |
| Yfirlit yfir aðgerðir 2024 | 24 |
| Framtíðarskipulag staðarhalds | 25 |
| Tilraunasumarið 2024 | 31 |

FRUMHÖNNUN 34-78

| | |
|---|----|
| Hönnunarforsendur | 35 |
| Tillaga 1: Skipulagsgerð | 37 |
| • Aðalskipulag Skagafjarðar | 38 |
| • Skipulagssvæði | 39 |
| Tillaga 2: Áreiðanleg gögn | 40 |
| Tillaga 3: Gæðaviðmið | 41 |
| Tillaga 4: Gestastofa Hólastaðar | 42 |
| Tillaga 5: Aðkoma, bílastæði og salerni við bílastæði | 49 |
| • Aðkomuleiðir fyrir og síðar | 50 |
| • Núverandi aðkomuleið og minjasvæði | 51 |
| • Útfærsla X1 Bílastæði A og B | 52 |
| • Útfærsla X2 Ný aðkoma heim að Hólum | 55 |
| • Útfærsla X2 Ný aðkoma og útsýni | 56 |
| • Útfærsla X2 Ný aðkoma og hestavæði | 57 |
| • Útfærsla X2 Bílastæði C, C1 og salerni | 58 |
| • Útfærsla X3 Fjósvegur aflagður, göngustígar og útivistarsvæði | 59 |
| • Útfærsla X3 Fjósvegur aflagður bílastæði C, C1 og D | 60 |
| Tillaga 6: Latínustígur | 61 |

| | |
|---|----|
| Tillaga 7: Torg og Biskupagarður | 63 |
| • Yfirbragð torgs og Biskupagarðs | 65 |
| Tillaga 8: Viðburðastaður við Prestssæti | 67 |
| • Yfirbragð við Prestssæti | 68 |
| Tillaga 9: söguslóðarhringur og áningarstaðir | 69 |
| • Söguslóðarhringur | 71 |
| • Söguslóðarhringur með tilfærslu heimreiðar | 72 |
| Tillaga 10: Aðgengi að minjasvæði | 73 |
| Tillaga 11: Miðlun á minjasvæði | 74 |
| Tillaga 12: Gönguleið í Gvendarskál | 75 |
| Tillaga 13: Skilti | 76 |
| • Yfirbragð skilta | 77 |
| • Yfirbragð áningarstaða | 78 |

Horft til lengri tíma 79

| | |
|--------------|----|
| FYLGISKJÖL | 80 |
| HEIMILDASKRÁ | 81 |

UM VERKEFNIÐ

Verkefnið og áfangastaðir

Hólar í Hjaltadal eru meðal söguríkustu staða Íslands. Á árum áður var hann einn af helstu áfangastöðum Norðurlands en hefur látið undan á umliðnum áratugum. Hólastaður þarfnast nú brýnna viðhaldsaðgerða og uppbyggingu innviða. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur sett Hóla sem forgangsverkefni á áfangastaðaáætlun Norðurlands.

Markmið þessa verkefnis er að leggja fram tillögur að frumhönnun að Hólum sem áfangastað fyrir ferðamenn. Verkefnið er fyrsti áfangi við uppbyggingu á áfangastaðnum.

Ástæða og umfangur verkefnis

Vorið 2023 hlaut verkefnið stuðning úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og skömmu síðar var verkefnisstjóri ráðinn. Í kringum verkefnið var skipaður stýrihópur sem í sátu sérfræðingar af ýmsum sviðum og hagaðilar. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á fundum og hluti af hópnum átti vikulega fundi með verkefnisstjóra á tímabilinu ágúst til nóvember 2023.

Verkefnið naut einnig liðsinnis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar, starfsmanna Háskólans á Hólum, umsjónaraðila annarra áfangastaða í opinberri eigu, Hjalta Pálssonar sagnfræðings, Péturs Ármannssonar arkitekts og ýmissa fleiri. Tillögur að hönnun áfangastaðarins byggja einnig á birtum og óbirtum heimildum. Landslag ehf vann hönnunarskýrslu sem að hluta til er stuðst við og er að finna í heild sinni í fylgiskjali.

Stærri verkefni

Við hönnun á áfangastaðnum var margþætt hlutverk Hólastaðar haft í huga og nauðsynlegt er að svo verði áfram við hönnun og uppbyggingu.

Verkefnisstjóri

Arna Björg Bjarnadóttir var fengin til að hafa umsjón með hönnun á áfangastaðnum í samráði við stýrihóp. Hún er sagnfræðingur og menningarmiðlari, og hefur margra ára reynslu af upplifunarhönnun, uppbyggingu og hönnun áfangastaðar og rekstri menningarferðaþjónustu.

Í stærri stýrihópnum sitja

- Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum og formaður stýrihóps
- Sr. Gísli Gunnarsson, vígslubiskup á Hólum
- Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
- Broddi Reyр Hansen, íbúi á Hólum í Hjaltadal
- Davíð Jóhannsson, atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV
- Guðmundur Stefán Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra
- Guðný Zoéga, dósent við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum
- Heba Guðmundsdóttir, starfsmaður sveitarfélagsins Skagafjarðar
- Magnús Barðdal, verkefnisstjóri fjárfestinga hjá SSNV
- Ragnar Helgason, formaður stjórnar Söguseturs íslenska hestsins
- Sigríður Sigurðardóttir, lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum
- Þuríður Helga Jónasdóttir, menningarmiðlari og leiðsögumaður

Í minni stýrihópnum sitja (vikulegir fundir)

- Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum og formaður stýrihóps
- Ragnar Helgason, formaður stjórnar Söguseturs íslenska hestsins
- Magnús Barðdal, verkefnisstjóri fjárfestinga hjá SSNV

SAMANTEKT

Í skýrslunni er lagt til að megináhersla við uppbyggingu áfangastaðar á Hólum verði uppbygging á fyrirmyndar áfangastað* sem býður upp á hágæða menningarferðaþjónustu. Sú vinna skal grundvallast á vönduðu skipulagi, áreiðanlegum gögnum, gæðaviðmiðum í íslenski ferðaþjónustu og upplifunarhönnun.

Lagt er til að næsta skref við uppbyggingu fyrirmyndar áfangastaðar verði gerð deiliskipulags fyrir Hóla og endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar. Hvatt til heildrænnar nálgunar þegar kemur að skipulagsgerð á Hólum, en mikilvægt er að áfangastaður ferðamanna á Hólum taki mið af þöfum og skipulagi skóla, kirkju, íbúa og framtíðarsýn er kann að varða aðra uppbyggingu.

Lagt er til að sveitarfélagið Skagafjörður hafi frumkvæði að fyrrnefndri skipulagsvinnu og komi á samstarfi við eiganda Hólajarðarinnar (íslenska ríkið). Jafnframt að gerð deiliskipulags ljúki eigi síðar en í árslok 2025, eða á starfstíma áfangastaðaáætlunar Norðurlands. Þegar Skagafjörður setti Hóla á áfangastaðaáætlun, lagði sveitarfélagið til að unnið yrði deiliskipulag fyrir staðinn.

Til að hugmyndir um uppbyggingu á fyrirmyndar áfangastað nái fram að ganga, er lagt til að Háskólinn á Hólum hafi frumkvæði að því að leysa úr flækjustigi á Hólum hvað varðar eignarhald, umsjón og ábyrgð sem verulega hefur komið niður á viðhaldi, daglegri umhirðu, móttöku gesta, staðaranda og reisn staðarins.

Ástæða og umfangur verkefnis

*Í skilgreiningu á *fyrirmyndar áfangastað* er að finna í gæðaviðmiðum Vörðu. Í því felst að áfangastaðurinn er einstakur á lands- og/eða heimsvísu og að hann uppfylli fjölmörg gæðaviðmið.

Sjá nánar: *Tillöga 3: Gæðaviðmið* bls. 41 og í fylgiskjali 1: *Gæðaviðmið við uppbyggingu og áfangastaðastjórnun Hólastaðar, 2023.*

Lagt er til að eigandi Hólajarðarinnar, íslenska ríkið, stofni **Gestastofu Hólastaðar*** og að hún beri ábyrgð á umsjón staðarins, móttöku gesta og fylgi eftir ákvörðunum um uppbyggingu. Að öðrum kosti að **Háskólinn á Hólum** fari áfram með staðarhald en að það verði aðskilið frá rekstri skólans og vel skilgreint. Útfærsla á fyrri tillögunni er kynnt hér í skýrslunni. Áriðandi er að fyrirkomulag á staðarhaldi verði einfaldað og hlutverk, ábyrgð og framlag þeirra sem hafa snertifleti við staðarhaldið staðfest með samningum.

Helstu tillögur:

- Að byggja upp fyrirmyndar áfangastað og hágæða menningarferðaþjónustu á Hólum. Nýta gæðastaðla.
- Að safna og vinna áreiðanleg gögn sem skipulag, hönnun og yfirbragð áfangastaðarins byggir á.
- Að vinna deiliskipulag fyrir Hóla sem tekur mið af heildrænni nálgun og taka upp aðalskipulag (2024-2025).
- Að endurgera eða endurbyggja gamla fjósið og að það hýsi Gestastofu Hólastaðar og margskonar þjónustu- og menningarstarfsemi.
- Að við skipulagsgerð verði skoðaður fýsileiki þess að færa heimreiðina fyrir neðan Hólastað. Í skýrslu þessari eru lagðar til ólíkar hugmyndir að bílastæðum.
- Að endurvekja Latínustíg, leiðina frá grunnskóla og heim að Hólum.
- Að afleggja bílastæði austan við Biskupagarð og búa þar til torg sem verður hluti af Biskupagarði.
- Að endurgera Biskupagarðinn í hjarta Hólastaðar og stækka til austurs.
- Að útbúa viðburðastað við Prestssæti.
- Að útbúa ytri og innri söguslóðarhring með skiltum og dvalarsvæðum.
- Að bæta aðgengi að minjum og koma m.a. upp stafrænni miðlun á minjastöðum. Auk þess að koma upp skiltum og dvalarsvæðum.
- Að leggja áherslu á að yfirbragð stíga, skilta, dvalarsvæða og vistgatna hafi vísun til sögu staðarins og að notað verði efni úr nærumhverfinu.

Lagt er til að á árinu 2024 verði ráðist í að formgera framtíðarfyrirkomulag á staðarhaldi og fjármögnun þess. Varðandi móttöku ferðamanna á komandi sumri er lagt til að umsjónaraðilar kirkju, Söguseturs, Nýjabæjar, minja og rekstraðilar ferðaþjónustu haldi úti sameiginlegri móttöku, samræmdri gæðaþjónustu og ábyrgri ferðaþjónustu. Auk þess að þeir og aðrir hagaðilar tryggi að umhirða á staðnum verði til fyrirmyndar.

*Í umsókn til Framkvæmdasjóðs var gert ráð fyrir að hanna 50 fm aðstöðuhús með salernum. Eftir úttekt á núverandi byggingum, ákvörðun hönnunarforsendna og framtíðarsýnar og að teknu tilliti til sjálfbærnimarkmiða varðandi endurnýtingu bygginga og byggingarefnis er lagt til að aðstaðan sem vera átti í fyrirhuguðu aðstöðuhúsi verði aðgengileg í móttöku/Gestastofu Hólastaðar sem komið verður fyrir í gamla fjósinu í hjarta Hólastaðar.

HÓLAR Í HJALTADAL

Þjóðargersemi í fjallasal

Hólar í Hjaltadal eru meðal söguríkustu staða landsins. Saga þessa forna höfuðstaðar Norðlendinga spannar um 900 ár og er samofin sögu kristni og menntunar á Íslandi.

Í sjö aldir voru Hólar hinn raunverulegi höfuðstaður Norðurlands og helsta menningarsetur. Þegar veldi Hólastaðar var sem mest átti staðurinn 352 jarðir í Norðlendingafjórðungi.

Í upphafi 19. aldar var biskupsstóll lagður niður á Hólum ásamt skólahaldi og eignir biskupsstólsins seldar. Árið 1882 hófst nýr kafli í sögu staðarins með stofnun búnaðarskóla sem varð undirstaða Háskólans á Hólum. Árið 1982 var embætti vígslubiskups Hólastiftis stofnað og varð staðurinn aftur biskupssetur 100 árum eftir stofnun búnaðarskólans.

Löng og merkileg saga Hólastaðar ásamt þeirri stórbrotnu náttúru sem umlykur staðinn er einstaklega sterkur grunnur til að byggja á menningar- og náttúrutengda ferðamennsku.



Ljósmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017



Heimavinna ehf

Peningaseðill með mynd af Hólum. Í sögu þjóðarinnar var lengst af litið til biskupsstólanna og Þingvalla sem „höfuðstaði“ þessa lands.

Heimild: [Eitt hundrað krónur]. Sótt í janúar 2024 af Numista.com

STAÐSETNING

Hólar í Hjaltadal, eru um 11 km frá Þjóðvegi 76 sem liggur austan vatna í Skagafirði og til Siglufjarðar.

Staðurinn er í um 1,5 klst akstursfjarlægð frá Akureyri og um 30 mín akstursfjarlægð frá öðrum þéttbýlisstöðum í Skagafirði.

Staðsetning Hóla býr yfir miklum tækifærum tengdum ferðamennsku í Skagafirði og á Norðurlandi.



Skjáskot úr kortasjá Skagafjarðar

Heimavinna ehf

FORGANGSVERKEFNI Á ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN



Uppbygging Hóla í Hjaltadal er eitt af forgangsverkefnum í áfangastaðaáætlun Norðurlands.

Sveitarfélagið Skagafjörður forgangsraðaði Hólum á núverandi áfangastaðaáætlun Norðurlands fyrir árin 2024-2026, líkt og 2021-2023.

Hvað er áfangastaðaáætlun?

Áfangastaðaáætlunir landshlutanna eru m.a. gerðar til að auðvelda opinbera ákvarðanatöku varðandi uppbyggingu þjónustu, skipulagsmál, aðgangsstýringu, markaðsáherslur o.fl. Í áfangastaðaáætlun koma m.a. fram þarfir í innviðauppbyggingu.

Í áfangastaðaáætlun 2021-2023 kemur eftirfarandi fram um Hóla í Hjaltadal (bls. 6). (Áfangastaðaætlun fyrir árin 2024-2026 kemur út á næstu misserum)

„Verkefnið snýst um uppbyggingu Hóla sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Bæta þarf aðgengi að áhugaverðum stöðum með öryggi ferðamanna og verndun náttúru og minja í huga. Hanna þarf söguhring með leiðsögn. Byggja þarf upp gönguleiðir eins og t.d. upp í Gvendarskál og um Hólaskóg. Áætlað er að byggja upp betri og stærri bílastæði og aðstöðuhús með öryggi ferðamanna í huga sem og verndun landsvæðisins.

Helstu verkþættir:

1. áfangi - Hönnun og deiliskipulag svæðisins.
2. áfangi - Framkvæmd á svæðinu.“



STAÐA INNVIÐA

Á áfangastöðum fyrir ferðamenn er nauðsynlegt að ákveðnir grunninnviðir séu til staðar til að tryggja öryggi og upplifun.

Á Hólum skortir innviði eða þeir eru í slæmu ásigkomulagi.

- **Móttaka/þjónustuhús:** Ekki til staðar.
- **Salerni:** Blár gámur við fjósið, án aðgengis fyrir alla.
- **Göngustígar á sögulóð:** Víða hættulegir, ónýtir eða ekki til staðar.


- **Skilti og merkingar á gönguleiðum:** Merkinga- og leiðakerfi vart til staðar eða illa farið. Uppfyllir ekki öryggiskröfur.
- **Tjaldstæði:** Uppfyllir hvorki öryggiskröfur né almennar nútímakröfur.
- **Sundlaug:** Lokuð og þarfnast endurbóta. Skólasund fer þó fram í lauginni.
- **Gisting:**
 - a) Bústaðir og íbúðir til útleigu í skipulagðri íbúðabyggð.
 - b) Ekkert hótél.
- **Veitingastaður:** Eldhús er rekið í aðalbyggingu Háskólans á undanþágu frá Heilbrigðiseftirliti.
- **Bjórsetur Íslands:** Áhugamannafélag sem bruggar og selur bjór til rekstraraðila í nærumhverfinu og á eigin bar í gamla fjósinu á Hólum. Bjórsetrið stendur árlega fyrir Bjórhátíð á Hólum. Í ljósi þess að um áhugamannafélag er að ræða er Bjórsetrið ekki með fastan auglýstan opnunartími.

Heimavinna ehf

- **Sögusetur íslenska hestsins (sýning):** Föst fjármögnun ótrygg og ekki fyrirséð með sumaropnun.
- **Hóladómkirkja:** Opin á sumrin (kirkjuvörður).
 - Tónlistarmessa og kaffiveitingar á veitingastað á sunnudögum yfir sumarið.
- **Nýibær:** Opin á sumrin en án sýnilegrar umsjónar eða reglulegrar umhirðu.
- **Um aðgengi almennt:** Aðgengi fyrir alla er hvergi til staðar inn í byggingar. Utandyra er víðast hvar ekki aðgengi fyrir alla, sbr. háar gangstéttabrúnir, gjarnan mjóar gangstéttir eða þær eru ekki til staðar.
- **Húsakostur:** Í hjarta Hólastaðar er mikil viðhaldsþörf á húsum og sum þeirra mjög illa farin s.s. fjós, hlaða, súrheysturnar og Búshús. Mygla er í aðalbyggingu skólans.

11

MÓTTAKA/ÞJÓNUSTUHÚS



Móttaka fyrir gesti er ekki til staðar né samræmt upplýsingagjöf þjónustuaðila. Gestir koma víða að læstum dyrum og ráfa villur vega um staðinn.

Heimavinna ehf

12



Ljósmynd: Magnús Barðdal, 2023

SALERNI



Salernisaðstaða fyrir ferðamenn er í bláum gámi, án aðgengis fyrir fatlaða og blasir við gestum þegar komið er heim að Hólum.

Við komuna í Hóla tekur einnig á móti gestum illa farin fjósbygging, njólagarður og gömul heyrúlla.

Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023

GÖNGUSTÍGAR OG HVÍLDARBEKKIR

Göngustígar á Hólstað eru fáir og fólk þarf gjarnan að ganga á vegi eða á götu t.d. frá bílastæðum að byggingum og sögustöðum. Stígar eru grasi grónir og víða illfinnanlegir. Í þeim leynast hættur og göngupallur að Gvendarbrunni er t.d. ónýtur.


Á Hólstað er erfitt fyrir ókunnuga að rata og finna sögustaði eða þjónustuaðila vegna skorts á stígum og merkingum. Í skóginum er auðvelt að villast af sömu ástæðum.

Hvíldarbekkir eru ekki til staðar. Aðgengi fyrir alla er ekki til staðar og öryggiskröfur ekki uppfylltar.

Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023



Heimavinna ehf



MERKINGA- OG LEIÐAKERFI



Merkinga- og leiðakerfi er vart til staðar á Hólum. Móttökuskilti er með það smáu letri að það er ólæsilegt. Skilti, hvort sem um er að ræða almenn skilti, stikur, vegpresta, vegvita eða öryggismerkingar eru örfá og þau illa farin. Mikið vantar uppá að tryggja öryggi ferðamanna.

Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023



Heimavinna ehf

TJALDSTÆÐI



Úr kortasjá Skagafjarðar



Ljósmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017

Tjaldstæðið er smátt og það staðsett í litlum útskotum í skóginum norðan við Hólastað. Á tjaldstæðinu eru tvö salerni og vaskar. Það er án rafmagns og sturtu. Á Hólum er því engin sturtuáðstaða fyrir gesti þar sem sundlaugin er lokuð. Huga þarf að flóttaleiðum úr skóginum ef upp kemur eldur og aðgengi að vatni til slökkviliðsstarfa.

Við gerð deiliskipulags og upptöku á aðalskipulagi er vænlegt að útbúa nýtt og stærra tjaldstæði, sem er samkeppnishæft við önnur tjaldstæði og uppfyllir öryggiskröfur.

Kjörinn staður fyrir tjaldstæði og aðra gistingu er fyrir ofan grunnskólann. Þá býður grunnskólinn upp á marga möguleika, t.d. sem samkomustaður fyrir ættarmót.

SUNDLAUG



Árið 1982, í tilefni af 100 ára afmæli búnaðarskóla á Hólum færðu gamlir nemendur og velunnarar skólans, honum sundlaug að gjöf. Í upphafi árs var hafist handa við að safna fé, framkvæmdir hófust í 18. apríl og sundlaugin var vígð að viðstöddu fjölmenni þann 4. júlí 1982.

Sundlaugin á Hólum er lokuð og þarfnast lagfæringar. Þar er þó grunnskólabörnum kennt sund.

Grindverkið vestan og norðan við sundlaugina skyggir á fallett útsýni út Hjaltadalinn. Í stað þess er tilvalið að setja glervegg. Á sundlaugarsvæðinu er tækifæri til að þróa einstakan velliðunar- og baðstað.

Manngert umhverfi og byggingar á Hólum taka ekki mið af kröfum og reglugerðum um aðgengi fatlaðs fólks.

Aðgengi fyrir alla er verulega ábótavant. Hættur leynast víða.



AÐGENGI FYRIR ALLA



Aðgengi að veitingastaðnum er verulega ábótavant og í mikilli nálægð við úrgang og vörumóttöku veitingastaðarins.



Skortur er á gangstéttum og stígum í hjarta Hólustaðar og af bílastæðum.

Gangstéttir og stígar liggja ekki frá hjarta Hólustaðar að gististöðum, sögustöðum eða að hesthúsaðverfi og mótasvæði.

Skógurinn á Hólum er víða farinn að spilla fyrir aðgengi og útsýni. Nauðsynlegt er að fella tré og grisja svæði.

Í næstu skrefum þarf að leggja mat á ástand og umfang reiðstíga.

ÁSÝND OG UMHIRÐA

Húseignir þarfnast viðhalds og sum endurgerðar.

Tækifæri til að bæta almenna umhirðu og auka reisin Hólastaðar eru fyrir hendi án mikils tillkostnaðar.



Horft inn í sundlaugagarð úr andyri aðalbyggingar



Aðkoma að aðalbyggingu Háskólans að Hólum



Sögusetur íslenska hestsins



Búshúsið




Opin hola eftir fornleifagröft, fyllt með slegnu grasi



Á gönguleið frá Hóladómkirkju að veitingastað í aðalbyggingu Háskólans



Nýibær



SJÁLFBÆRT STAÐARHALD

TILLÖGUR AÐ FRAMTÍÐARSKIPULAGI VIÐ STJÓRNUN OG FRAMPRÓUN

Núverandi staða

Hólar í Hjaltadal eru í eigu íslenska ríkisins. Hluti af Hólajörðinni er skilgreindur sem þéttbýli með lögbundinni þjónustu sveitarfélags. Á Hólum fer fram starfsemi nokkurra stofnana í eigu eða umsjón ólíkra aðila. Húseignir og innviðir eru á hendi ólíkra aðila og stundum er umsjónaraðili annar en eigandi.

Hlutverk, ábyrgð og framlag eigenda, umsjónaraðila og annarra hagaðila á Hólum virðist óljóst og/eða sameiginlegan skilning vantar. Þetta hefur á umliðnum árum skapað mikið flækjustig sem hefur komið niður á viðhaldi, daglegri umhirðu staðarins, móttöku gesta, staðaranda og reisu staðarins.

Lagt er til að eigandi Hólajarðarinnar, íslenska ríkið, stofni Gestastofu Hólastaðar sem verður umsjónaraðili staðarhalds. Í því felst að hún ber ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu, umhirðu og síðar á rekstri á innviðum og þjónustu sem heyrir undir áfangastaðinn. Að öðrum kosti **að Háskólinn á Hólum fari áfram með staðarhald** en að það verði aðskilið frá rekstri skólans og vel skilgreint. Hér á eftir er fyrri tillagan kynnt.

Lagt er til að eigandi Hóla geri samning við umsjónaraðila staðarhalds um uppbyggingu innviða sem síðar mun skapa staðnum sértekjugrunn. Einnig er lagt til að hlutverk, ábyrgð og framlag allra hagaðila þ.e. háskóla, sveitarfélags, kirkju, vegagerðar og eigenda (lögaðila) sé skráð niður, staðfest og kynnt. Æskilegt er að einfalda eignarhald.

Lagt er til að umsjónaraðilar sögu, minja og rekstraraðilar ferðapjónustu á Hólastað hefjist strax handa við að undirbúa sameiginlega gestamóttöku á komandi sumri sem byggir á gæðaviðmiðum um ábyrga ferðapjónustu.

AÐGERÐIR 2024 - Yfirlit

Uppbygging áfangastaðarins er margra ára og áfangaskipt verkefni. Hér að neðan er tímalína með tillögum að aðgerðum fyrir árið 2024 og eru þær nánar útskýrðar á næstu blaðsíðum. Aðgerðirnar fela annars vegar í sér verkþætti við að móta framtíðarskipulag og fjármögnun, og hins vegar verkþætti við skipulag og móttöku gesta ferðamannasumarið 2024.



* Formaður Gestastofu Hólastaðar sinnir starfi framkvæmdastjóra í hlutastarfi þar til framkvæmdastjóri er ráðinn.

Nánar um tillögur að framtíðarskipulagi við staðarhald

VARÐA (e. Milestone)

Ábyrgð

1. Haust-vetur 2023 Fá staðfest hver er ábyrgðaraðili staðarhalds

Núverandi staða:

Hólajörðin er í eigu íslenska ríkisins og er í eignarsafni Framkvæmdasýslu Ríkiseigna, FSRE (fsre.is). Á vef FSRE kemur eftirfarandi fram: "Umsjón: Háskólarnir". Sú hefð myndaðist á Hólum þegar þar var rekið skólalú á Bændaskólinn hafði umsjón jafnt með búskap og staðarhaldi. Skólalú Hólur starfar ekki með sama hætti og áður.

Í reglugerð um Hólaskóla nr. 244/2003 var kveðið á um að Hólaskóli annaðist staðarhald og varðveitti menningararf og vísaði reglugerðin í lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu, en þau lög féllu úr gildi með setningu laga nr. 56./2013. Reglugerðin á sér því ekki lengur lagalega stoð. Í starfsreglum skólans kemur aftur á móti fram að rektor beri ábyrgð á staðarhaldi í samstarfi við ríki, sveitarfélög og stofnanir um málefni Hólastaðar. Þannig að skv. starfsreglum skólans ber rektor ábyrgð á staðarhaldi þó svo að honum eða skólanum beri ekki lagaleg skylda til þess. **Óvenjulegt hlýtur að teljast að rektor beri ábyrgð á skilgreindu þéttbýli og slíkt samræmist illa hlutverki háskóla. Því virðist sem staðarhald byggist á venju en ekki vera lengur lögbundið.**

Í viljayfirlýsingu sem rektor Háskólans á Hólum og ráðherra háskóla-, nýsköpunar og iðnaðar skrifuðu undir 16. nóvember sl. um að efla enn frekar Háskólann á Hólum segir: "Háskólinn á Hólum hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sínu nærsamfélagi. Mikilvægt er að vinna að framangreindu í góðri sátt við sveitarfélagið Skagafjörð jafnhliða því sem teknar verða upp viðræður við sveitarfélagið Skagafjörð um aðkomu þess að frekari framþróun þéttbýlis á Hólum í samspili við framtíðar fyrirkomulag staðarhalds þar." **Þess er því að vænta að ráðuneytið taki upp viðræður við sveitarfélagið Skagafjörð um aðkomu þess að frekari framþróun þéttbýlis á Hólum. Lagt er til að sett verði upp tímasett aðgerðaplan vegna þeirrar vinnu. Uppbygging áfangastaðarins mun þurfa að taka mið af framtíðarsýn eiganda, skipulagsaðila og hagaðila.**

Umsjón: Háskólarnir

Þjóðjörð: Nei

Á vef FSRE kemur einnig eftirfarandi fram: "Þjóðjörð: Nei". * Hólajörðin er því ekki meðal skilgreindra þjóðjarða, en þjóðjarðir má ekki selja og markmiðið er að þær verði þjóðareign í framtíðinni. Þjóðjarðir eru þær jarðir sem hafa einstakt menningarlegt- og sögulegt gildi. Á lista yfir þjóðjarðir eru helstu sögustaðir þjóðarinnar sem eru í ríkiseigu. Þess ber að geta að auk einstakrar menningarsögu hins forna höfuðstaðar eru á Hólum friðlýstar minjar.

Tillaga að aðgerð:

Að kanna áfram fyrirkomulag staðarhalds á öðrum sögu- og menningarstöðum í eigu ríkisins, s.s. á Þingvöllum, Skriðuklaustri, Skálholti og í Reykholti, og samninga og skipurit þar að lútandi. Að vinna tillögu sem tryggir skilvirkt staðarhald og markvissa uppbyggingu á Hólum.

Tillaga byggð á fyrirkomulagi annarra menningarstaða í opinberri eigu

Hólastaður þarf að hafa skilgreindan aðila sem ber ábyrgð á uppbyggingu áfangastaðarins og staðarhaldi. Mikilvægt er að eigandi Hólajarðarinnar, íslenska ríkið taki ákvörðun um fyrirkomulag og framtíð eignarinnar, í samráði við sveitarfélag og hagaðila. Áriðandi er að taka ákvörðun um hvort Hólastað sé ætlað að halda þeim virðingarsess sem honum ber og þá með hvaða hætti honum verði tryggð grunnfjármögnun til uppbyggingar innviða sem síðar munu skapa sértekjuginn fyrir áfangastaðinn.

Lagt er til að kanna fýsileika þess að eigandi Hólajarðarinnar stofni Gestastofu Hólastaðar og geri við hana samning um staðarhald, þ.e. uppbyggingu, umhirðu, móttöku gesta, fræðslu, sýningarhald oþh. Í slíkum samningi er heppilegt að fram komi stofnframlag til innviðauppbyggingar og staðarhalds. Horfa skal til þess FSRE annist fasteignir áfangastaðarins, en að Gestastofan og FSRE geri með sér leigusamning. FSRE sér eingöngu um húseignir, ekki uppbyggingu og viðhald utandyra. Kanna skal möguleikann á að koma Hólum á *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Kanna kosti þess að Gestastofan geri langtíma samning við kirkju, háskóla og hagaðila menningar og minja á Hólum s.s. vegna móttöku gesta og sameiginlega umhirðu. Gera þarf samning sem tryggir glögg skil á milli skóla og staðarhalds, sem og skýra og gegnsæja verkaskiptingu.

*Þjóðjörð: Árið 2005 lagði Landbúnaðarráðuneytið mat á og kom með tillögur að ríkisjörðum á forræði ráðuneytisins sem skyldu ekki seldar, með það að markmiði að verða þjóðareign í framtíðinni. Hólur eru ekki meðal þeirra jarða þrátt fyrir að horft hefði verið til sögulegs og menningarlegs gildis. Á listanum eru t.d. prestsetrið Breiðabólstaður, Brjánslækur, Hvammur í Dalabyggð, Ólafsdalur, Sauðlauksdalur, Skriðuklaustur og Víðimýri. https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/skyrslur/tjodjardir_-lokaskyrsla_feb._2006.pdf

| | | |
|------|---------------------------|--|
| 2. | Upphaf árs 2024 | Umsjónaraðili og hagaðilar: Hlutverk og ábyrgð skal liggja fyrir |
| | Núverandi staða: | Hlutverk, ábyrgð og framlag umsjónaraðila Hólastaðar og annarra hagaðila á Hólum virðist óljóst og/eða sameiginlegan skilning vantar. Þá eru húseignir á hendi ólíkra aðila. Þeir eru, skv. uppl. úr skýrslu Háskólans á Hólum frá 2008 Hólaskóli, Ríkissjóður Íslands, Nemendagarðar Hólaskóla, Hesthólar ehf, Hitaveita Hjaltadals, Sveitarfélagið Skagafjörður, Bændasamtök Íslands og Félag starfsmanna Kaupþings. Skilgreindir umsjónaraðilar þessara eigna eru stundum annar aðili, en þeir eru: Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarráðuneyti, Hólalax hf, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þetta hefur á umliðnum árum skapað mikið flækjustig sem hefur komið niður á viðhaldi, daglegri umhirðu staðarins, móttöku gesta, staðaranda og reisu staðarins. Ljóst má vera að flækjustig og óljós ábyrgð vegna fjölda eigenda (þ.e. lögaðilar) og skilgreindra umsjónaraðila er til þess fallið að valda áfram stöðnun, aðgerðaleysi og afturför í staðarhaldi á Hólum í Hjaltadal. |
| | Tillaga að aðgerð: | Hlutverk, ábyrgð og framlag eigenda, umsjónaraðila staðarhalds og annarra hagaðila þ.e. sveitarfélags, háskóla, kirkju, Vegagerðar, eigenda húsnæðis o.fl. þarf að skrá niður, staðfesta/undirrita og kynna. Kanna möguleika á að einfalda eignarhald. |
| 3. | Upphaf árs 2024 | Tillögur að uppbyggingu fyrirmyndar áfangastaðar |
| 3.1. | Upphaf árs 2024 | Fyrsti fasi í uppbyggingu áfangastaðarins liggur fyrir (sbr. verklýsingu í verkefninu Áfangastaðurinn Hólar, styrkt af FF). |
| 3.2. | Upphaf árs 2024 | Afhenda tillögur stýrihóps til eiganda Hólastaðar og sveitarstjórnar sem ber ábyrgð á skipulagsgerð. |
| 3.3. | Upphaf árs 2024 | Eigandi Hólastaðar og sveitarfélagið Skagafjörður meta tillögur stýrihóps og kynna framtíðaráform sín varðandi uppbyggingu áfangastaðarins og Hóla í heild sinni á vordögum 2024. |
| 3.4. | Vor 2024 | Fullnaðarhönnun og deiliskipulagsvinna hefst. Henni skal lokið eigi síðar en í árslok 2025. |
| 4. | F.hl. 2024 | Stjórn Gestastofu Hólastaðar tekur til starfa * |
| | | Skipað í stjórn Hólastaðarnefndar sem fer með yfirstjórn Gestastofu Hólastaðar (ses/ehf), en hún hefur umsjón með staðarhaldi fyrir hönd umsjónaraðila (þ.e. eiganda Hólajarðarinnar) og lögaðila sem eiga húsnæði. Hólastaðarnefnd verði stjórnarsýslunefnd og heyrir undir það ráðuneyti sem fer með málefni Hólastaðar. |
| | | Tillaga að skipun í Hólastaðarnefndar: |
| | | 1. Fulltrúi umsjónaraðila (eigandi Hólajarðarinnar) |
| | | 2. Rektor Háskólans á Hólum |
| | | 3. Vígsjubiskup |


| | | |
|------|------------|---|
| | | <i>Auk fremstu fagaðila í íslenski ferðaþjónustu t.d.:</i> |
| | | 4. Fulltrúi á sviði ábyrgrar ferðaþjónustu |
| | | 5. Fulltrúi fyrirmyndar áfangastaðar í eigu ríkisins |
| | | 6. Rekstraraðili/fjárfestir í ferðaþjónustu |
| 5. | F.hl. 2024 | Samningur við rekstraraðila í ferðaþjónustu - ábyrg ferðaþjónusta |
| | | Umsjónaraðilar og rekstraraðilar ferðaþjónustu á náttúru-, menningar- og sögustöðum þjóðarinnar þurfa sérstaklega að gæta að snyrtilegri ásýnd og fagmennsku í allri þjónustu. |
| | | Gestastofa Hólastaðar (umsjónaraðili) gerir samning við rekstraraðila ferðaþjónustu vegna veitinga, minjagripasölu, gistiþjónustu ofl. Samningurinn þarf að vera mjög skýr og nákvæmur sem tryggir að rekstraraðili ferðaþjónustu á Hólum fylgi markmiðum um t.d. <i>ábyrga ferðaþjónustu og/eða öðrum</i> gæðaleiðbeiningum. Í samningnum þurfa m.a. að koma fram skýr ákvæði um ábyrgð, gps punktar á afmörkun á starfssvæði (m.a. vegna bótaskyldu vegna slysa), uppsagnarákvæði o.þ.h. Heppilegt er að samningurinn sé veltutengdur og að tilgreindur hlutfallslegur hagnaður gangi til Gestastofunnar sem nýtir hann til uppbyggingu innviða, m.a. til hagsbóta fyrir rekstraraðila ferðaþjónustunnar en að jafnframt felist í honum samfélagsleg ábyrgð s.s. hvað varðar vöruframboð úr heimabyggð. Eðlilegt er að gerður sé leigusamningur um húsnæði. Mælt er með að Gestastofan kynni sér vel sambærilega samninga s.s. á Þingvöllum og í Skálholti. |
| | | Til umhugsunar: a) Á Hólum er gistiþjónustan (bústaðir og íbúðir) rekin í <i>skipulagðri íbúðabyggð</i> . b) Veitingaþjónusta er rekin á <i>skipulögðu svæði samfélagsþjónustu</i> . Á aðalskipulagi Skagafjarðar er á Hólum ekki gert ráð fyrir <i>miðsvæði, verslun og þjónustu</i> eða <i>athafnarsvæði</i> . Á Hólum liggur ekki fyrir deiliskipulag. |
| 6. | Árið 2024 | Fjármögnun |
| 6.1. | | Eigandi og ábyrgðaraðili staðfestir með samningi við Gestastofu Hólastaðar fjárframlag, til skemmri tíma og áætlun til lengri tíma, til uppbyggingu á sögustaðnum Hólum. Um væri að ræða sambærilegan samning og ríkið er með við aðra áfangastaði í sinni eigu s.s. Þingvelli. Líta má á Hóla sem <i>sögustað þjóðarinnar á Norðurlandi</i> , líkt og Þingvellir eru <i>sögustaður þjóðarinnar á Suðurlandi</i> . Það styður við stefnu stjórnvalda um fjölgun áfangastaða og dreifingu ferðamanna. |
| 6.2. | | Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Óska eftir að komast inn á verkefnisáætlun 2023-2025, og nýja verkefnisáætlun 2026-2028. (Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkir ekki áfangastaði í eigu ríkisins). |

| | |
|------|---|
| 6.3. | Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra (Leiðsögubæklingur fyrir söguslóð: Heimildavinna, textagerð, uppsetning og prentun) |
| 6.4. | Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra (Leiðsögubæklingur fyrir Sögusetur: Heimildavinna, textagerð, uppsetning og prentun) |
| 6.5. | Menningarsjóður KS: (Leiðsögubæklingur fyrir söguslóð: Heimildavinna, textagerð, uppsetning og prentun) |
| 6.6. | Menningarsjóður KS: (Leiðsögubæklingur fyrir Sögusetur: Heimildavinna, textagerð, uppsetning og prentun) |
| 6.7. | Kanna aðra styrkjamöguleika |
| 6.8. | Einkaaðilar: Mikilvægt er að Hólar verði ákjósanlegur til fyrirtækjarekstrar í ferðaþjónustu s.s. fyrir rekstraraðila í hestaleigu, minjagripasölu, veitinga- og gistirekstri. Einkaaðilar munu skapa Gestastofunni hluta af sértekjuginni hennar vegna innviðanotkunar, sölu, sameiginlegrar markaðssetningar og söluleiða s.s. í gegnun bóknarvefi á borð við bokun.is. Samstarf og traustir samstarfssamningar eru mikilvægir fyrir margskonar hagræðingu. Sértekjur: aðgangseyrir, leigutekjur vegna starfsemi einkaaðila og hlutfall af veltu. |
| 7. | F.hl. 2024 Auglýst eftir framkvæmdastjóra og staðarvörðum (sumarstarfsmönnum) |
| 8. | 15.2.2024 Framkvæmdastjóri gestastofu og sumarstarfsmenn ráðnir |
| 9. | 1.3.2024 Markaðsefni tilbúið vegna sumarsins 2024 * Markaðsefni tilbúið vegna sumarsins 2024. Framboð á allri þjónustu Hólastaðar og opnunartímar kynntir (veitingar, gisting, móttaka, kirkja, Bjórsetur, Sögusetur, sögugöngur, viðburðir). Miðla til Markaðsstofu Norðurlands, SSNV og ferðaskrifstofa. Sameiginleg heimasíða og samfélagsmiðlar. Nb. markaðsefni vegna 2025 skal vera tilbúið og sent til ferðaskrifstofa eigi síðar en í ágúst 2024. |
| 10. | 1.3.2024 Samstarfssamningur umsjónaraðila og samstarfsaðila undirritaður Samningurinn felur í sér langtímaskuldbindingu þess efnis að byggja Hóla í Hjaltadal upp sem fyrirmyndaráfangstað í ferðaþjónustu. Í samstarfssamningnum koma fram skýr og mælanleg markmið s.s. gæðaviðmið (t.d. Vörðu), tímasett innviðauppbýgging, skýr verkaskipting, framlag (fjármagn, vinnuframlag, fastir viðburðir, sameiginleg kynningarmál). Í samningnum verða einnig settir upp ferlar er varða boðleiðir í staðarhaldi, við hagaðila og aðra til að tryggja uppbyggingu á ábyrgri ferðaþjónustu í bráð og lengd. |

| | |
|-----|--|
| 11. | 1.4.2024 Gestakannanir tilbúna fyrir sumarið 2024 * Á næstu áratugum þarf uppbygging innviða, fræðsla, öryggi, rekstur og fleira að taka mið af þróun gestafjölda og ferðahegðun. Út frá hagrænum, sjálfbærum og ábyrgum viðmiðum við uppbyggingu ferðaþjónustunnar er afar brýnt að leggja kapp á stöðuga gagnaöflun. Um er að ræða m.a eftirfarandi gögn: <ol style="list-style-type: none"> Gestatalningur í rauntíma Ástandsmat Áhættumat Viðhorfskannanir með reglulegu millibili s.s. athuganir á ferðahegðun (t.d. dvalartíma og leiðarval). Regluleg samtöl við hagaðila Miða við að vera snjall áfangastaður sem nýtir nýjustu tækni eftir fremsta megni Fylgjast vel með þróun ferðaþjónustu í heiminum og fyrirsjáanleika á Íslandi |
| 12. | 1.6.2024 Bæklingar koma úr prenti a) söguleiðsögn, b) leiðsögn um Sögusetrið |
| 13. | 15.5-1.7. 2024. Undirbúningur f. skilta- og stígagerð |
| 14. | 6.1.2024 Staðarverðir taka til starfa * |
| 15. | 1.-7.júní '24 Þjálfun staðarvarða og samþætting við aðra starfsemi á Hólum |
| 16. | 1.6-31.8 '24 Lifandi leiðsögn á klst fresti (11-17) |
| 17. | 23.6-11.8 '24 Sunnudagsviðburðir á Hólum |
| 18. | 6.8-30.8 '24 Endurskoðun og bestun. Stefnumótun, stofnkostnaðar- og rekstraráætlun, fjármögnunaráætlun, forgangs röðun, markaðsefni v. 2025 oph. Stefnumótun um uppbyggingu á fyrirmyndar ferðamannastaðnum Hólum liggur fyrir og aðgerðaráætlun: Uppbygging húsnæðis og innviða, viðskiptaáætlun, markaðssókn, bygging hótels, stjórnumskoðunarstöðvar, heilsubaða. Viðræður við fjárfesta. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum: Niðurstaða um sóknarfæri liggur fyrir. <i>Á Hólastað, líkt og á flestum öðrum áfangastaðum þarf að tryggja að húsnæði sé til staðar fyrir starfsmenn áfangastaðarins. Hafa skal það í huga ef kemur til sölu eigna á Hólum.</i> |

| TILRAUNASUMAR 2024 - Tillögur að skipulagi staðarhalds | | | |
|--|---|-----------------------|--|
| Gestastofa Hólastaðar - sameiginleg móttaka | | Kostur | Galli |
| Staðsetning (möguleiki A) | Sögusetur íslenska hestsins (SÍH) | Móttaka á einum stað | Salerni einöngu á efri hæð SÍH |
| Breytingar á húsnæði: | Opna í syðra rýmið við aðalinnganginn inn í Sögusetrið. Þar verður hrátt en skapandi rými. Í því verður minjagripaverslun og móttaka hópa í óblíðum veðrum. Tilvalið rými fyrir auglýstar listasmiðjur barna og aðra viðburði sambærilega þeim sem tíðkast t.d. í Þjóðgörðum. | | |
| Staðsetning (möguleiki B) | Anddyri Hólaskóla | Salerni fyrir fatlaða | Krefst starfsmanns í SÍH og aðalbvægingu |
| Breytingar á húsnæði: | Tiltekt og gera móttökuna smekklega. Sýning á gangi: s.s. skólaspjöld nemenda, gamlar ljósmyndir frá Hólum eða annað. Beina gestum á sýningu í íþróttasal - kanna möguleikann á betri lýsingu til að auka upplifun. | | |
| Starfsmenn: | Tveir staðarverðir á vakt í einu alla daga vikunnar. Staðarverðir fylgja sambærilegri starfslýsingu og landverðir. | Sjá lýsingu | |
| Opnunartími móttöku | 1. júní til 31. ágúst, Kl. 10-17 alla daga vikunnar | | |
| Þjónusta | Lifandi söguleiðsögn um staðinn á heila tímanum, kl. 11-17, þ.e. 8 brottfarir. Staðarverðir nýta efniviðinn sem fram kemur í bæklingnum en hafa frjálssar hendur með að bæta við og breyta þeirri leiðsögn ("bestun") | | |
| | Bæklingur; Söguleiðsögn á fjórum tungumálum. Fólk getur líka farið um án lifandi leiðsagnar. | | |

| | |
|---------------|--|
| | Bæklingur; Leiðsögn um Sögusetur íslenska hestsins á fjórum tungumálum. Gestir skila bæklingi til baka að ferð lokinni. |
| | Skilti, merkingar og göngustígar á söguslóð (á þeim stöðum sem brýn þörf er á merkingum vegna öryggis). Önnur skilti, merkingar og göngustígar verða sett upp þegar deiliskipulagsvinnu er lokið. |
| | Sunnudagar á Hólum (Alla sunnudaga frá 23.6 til 11.8). Auglýst í útvarpi, Sjónhorni, á nýrri sameiginlegri vefsíðu Hóla, samfélagsmiðlum, viðtal í blöðum, í móttöku, á veggspjöldum og víðar. |
| | Tillaga að dagskrá: Kl. 11:00 Morgunganga (23.6-11.8) s.s. Í fótspor fjármannsins (gengið inn að Hagakoti), í fótspor Guðmundar góða (Gvendarskál), Ástir og örlög Hólakvenna (s.s. Irma og Þóra), Daglegt líf á Hólum á 9. áratugnum. Gestafyrirlesarar sjá um miðlun í göngunum. Leiðsögnin er tekin upp og staðarverðir hljóðrita hana og safna þannig heimildum til frekari miðlunar. Kl. 14:00 Guðspjónusta Kl. 16:00 Tónleikar Kl. Xx:xx Kaffihlaðborð eða kvöldverðarhlaðborð á veitingastaðunum Kl. 11-16 Sundlaugin er opin á sunnudögum (Fá heimild til tilraunaopnunar) |
| Bestun | Staðarverðir „besta“ söguslóðarleiðsögnina og leiðsögubækling Sögusetursins allt sumarið, þ.e. skrá hjá sér hvaða frásagnir virka vel á gesti, hvaða spurningar koma frá þeim oph. og skrá sögur frá gestum. Með hliðsjón af því og texta í bæklingum skrifa þeir drög að hljóðleiðsögn, bæði söguslóðarhljóðleiðsögn og hljóðleiðsögn um Sögusetrið. Texti í bæklingum verður einnig uppfærður. |
| | Þróun miðlunar eftir sumarið 2024 |
| | Þjóða upp á stafræna leiðsögn sem gestir geta halað niður í móttöku (QR-kóði) eða halað honum niður á heimasíðu Hólastaðar, af appi og á skiltum á staðnum. Í símanum er einfalt að greiða fyrir leiðsögnina (Skálholt hefur áhuga á samstarfi um stafræna leiðsögn.) |
| | Lifandi leiðsögn verður hægt að panta fyrirfram á bokun.is – í boði 7 slot, alltaf á heila tímanum dag hvern (etv. ekki um helgar til að byrja með v. kostnaðar við helgarálag) |



HÖNNUNARFORSENDUR

Við uppbyggingu áfangastaða er nauðsynlegt að hönnunarforsendur taki mið af fyrirbyggjandi **framτίðarsýn** sem byggir á heildstæðri nálgun, **áreiðanlegum gögnum** og að unnið sé eftir útgefnum **gæðaviðmiðum** í íslenskri ferðaþjónustu.

Í upphafi verkefnisins var leitað eftir **framτίðar-sýn/hönnunarforsendum** í skipulagi þéttbýlisins á Hólum. Í ljós kom að gildandi aðalskipulag Skagafjarðar gerir ekki ráð fyrir *verslunar- og þjónustusvæði, miðsvæði, athafna-svæði* eða *iðnaðarsvæði* innan þéttbýlisins á Hólum. Ferðaþjónustan á Hólum er rekin á svæði sem er skilgreint fyrir *samfélagsþjónustu og íbúðabyggð*.

Deiliskipulag er ekki í gildi á Hólum, en deiliskipulag byggir á stefnu í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og kveður á um útfærslu þess. Í deiliskipulagi eru þannig teknar ákvarðanir um lóðamörk, byggingarreiti, byggðamynstur, útlit mannvirkja, fjölda bílastæða, götur, stíga, gróður, girðingar, lýsingu ofl.

Í ljósi þessa var leitað eftir öðrum **gögnum** til grundvallar hönnunarforsendum s.s. stefnumótunarskjöllum, þarfagreiningum, tölfræði og könnunum sem varpa kunnu ljósi á ferðamennsku á Hólum eða almenna framτίðarsýn. Þau gögn eru af skornum skammti, utan þess að í Hóladómkirkju fer fram talning á ferðamönnum. Þó fannst ein afar áhugaverð greinargerð sem unnin var árið 2006 að frumkvæði Skúla Skúlasonar þáverandi rektors, og ber yfirskriftina; *Hólar í Hjaltadal. Greinargerð um framτίðarsýn*. Unnin fyrir samráðsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hólaskóla. Greinargerðin er unnin af Hlín Sverrisdóttur landslagsarkitekt og skipulagsfræðingi, Pétri H. Ármannssyni arkitekt í samráði við Þorstein Gunnarsson arkitekt. Í henni koma fram margar áhugaverðar tillögur að skipulagi Hólastaðar. Hér eftir er hún nefnd *Greinargerð frá 2006*.

Við mótun á hönnunarforsendum var horft *Greinargerðarinnar frá 2006*. Þá voru áfangastaðir í eigu opinberra aðila sem stunda ábyrga ferðaþjónustu teknir út og fundað með framkvæmdastjórum þeirra (Þingvellir, Skálholt, Skriðuklaustur) og sömuleiðis voru heimsóttir fjölsóttir áfangastaðir þar sem uppbygging hefur ekki verið jafn farsæl. Einnig var litið til þess hvaða forsendur þyrftu að vera til staðar við sjálfbæra uppbyggingu þéttbýlisstaða. Auk þess tók öll vinna mið af útgefnum **gæðaviðmiðum** um uppbyggingu áfangastaða og öðrum leiðbeinandi gögnum um uppbyggingu á ábyrgri ferðaþjónustu.

Mikil áhersla var lögð á að rýna sérkenni Hólastaðar, tækifæri til endurbóta, nýtingu á núverandi innviðum og önnur tækifæri. Í því skyni voru gögn á borð við gamlar ljósmyndir og teikningar hafðar til grundvallar, auk ritaðra heimilda. Þá voru fjölmargar vettvangsferðir farnar að Hólum.

Staðreyndir til grundvallar hönnunarforsendum

- Hólastaður er einstakur staður og frábrugðinn flestum öðrum þéttbýlisstöðum landsins. Í *Greinargerðinni frá 2006* er hann talinn einn af þremur helgustu sögustöðum íslenskrar þjóðar, ásamt Þingvöllum og Skálholti. Hólar eru merkur sögustaður, háskólaþorp og heimili fólks. Þá er hann ferðamannastaður, mótahaldsstaður íslenska hestsins og býr yfir miklum vaxtarmöguleikum hvað varðar fjölbreytta atvinnuuppbyggingu, einkum á sviði nýsköpunar sökum nálægðar við Háskólann.
- Á Hólum eru merkar fornminjar.
- Á Hólum eru margar byggingar frá fyrri tíð sem endurspeglar hlutverk og sögu staðarins frá einum tíma til annars.
- Hólar búa yfir glæstri staðarmynd og sterkum staðaranda.

Með þessar staðreyndir í huga, er hér í fyrsta fasa hönnunar lögð áhersla á að varðveita og miðla sérkennum í sögulegri ásýnd staðarins frá upphafi byggðar og allt til nútíðar. Í því samhengi þótti mikilvægt að huga að notagildi bygginga á Hólastað sem endurspeglar atvinnu- og menningarsögu Hóla og þjóðarinnar allrar. Sumar þeirra hafa fengið litla athygli hingað til.

Lagt er upp með að heildaruppbygging falli vel að sterkri staðarmynd og að hún auki sýnileika og aðgengi að menningar- og minjastöðum. Þá er ætíð miðað við að tryggja aðgengi fyrir alla og öryggi gesta.

Tillögurnar sem hér verða kynntar, miða að því að skapa forsendur fyrir sveigjanlegu vaxtarlíkani til langs tíma samfara þróun Hóla í Hjaltadal sem áfanga-, háskóla-, kirkju-, sögu- og þéttbýlisstaðar.

TILLAGA 1: SKIPULAGSGERÐ

Forsaga

Hólajörðin er í eigu íslenska ríkisins og FSRE/Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir annast fasteignir og jarðir þess.

Aðalskipulag

Árið 1990 voru Hólar settir inn á aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar en við það færðist staðurinn yfir í þéttbýli með lögbundinni þjónustu sveitarfélags. Í framhaldi af samþykkt aðalskipulags stóð til að vinna deiliskipulag fyrir svæðið, en það var ekki gert.

Deiliskipulag

Á Hólum er ekkert gildandi deiliskipulag.

Lagt er til að ráðist verði í gerð deiliskipulags og aðalskipulag tekið upp samhliða.

Í ljósi þess að sveitarfélagið Skagafjörður hefur forgangsraðað Hólum á áfangastaðaáætlun og skilgreint staðinn sem þéttbýli á aðalskipulagi er lagt til að sveitarfélagið hafi frumkvæði að gerð deiliskipulags og samtali við íslenska ríkið, eiganda Hólastaðar, varðandi tilhögun og kostnað við vinnuna.

Lagt er til að vinnu við deiliskipulag og endurskoðun aðalskipulags verði lokið á gildistíma áfangastaðaáætlunar, eða eigi síðar en í árslok 2025.

Lagt er til að við skipulagsgerð verði heildræn framtíðarsýn höfð að leiðarljósi sem stuðlar að sjálfbærri þróun og að hin sterka staðarmynd verði varðveitt.

Lagt er til að stækka skipulagssvæðið og að taka af núverandi aðalskipulagi fyrirhugaða íbúabyggð í skógarjaðrinum (ÍB-703), líkt og lagt er til í *Greinargerðinni frá 2006*, sjá næsta blaðsíða.

Lagt er til að á endurskoðuðu aðalskipulagi, verði gert ráð fyrir *verslunar og þjónustusvæði*, *miðsvæði*, *athafnarsvæði* eða *iðnaðarsvæði* svo framarlega sem það fellur að framtíðarsýn eigenda Hólastaðar, sveitarfélagsins og hagaðila.

AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR

Úr greinargerð aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035

Íbúar að Hólum voru 104 í ársbyrjun 2020 og á svæðinu eru skráðar um 100 íbúðir. (Bls. 66-67)

Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Hólum er að þar sé skólastarf á háskólastigi sem ræki þarfir og menningararf svæðisins. Hólar endurspegli hlutverk sitt sem alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um íslenska hestinn. (Bls. 66)

Áhersla skal lögð á að ný íbúðarhús falli vel að yfirbragði eldri byggðar á Hólum og hönnun húsa vönduð. (Bls. 67)

Sérstaklega skal taka tillit til nærliggjandi minjaverndar og hverfisverndarákvæða svæðisins umhverfis Hóladómkirkju. (Bls. 70)


Hólar eru viðkomustaður ferðamanna til að upplifa söguna og náttúruna á svæðinu. Staðinn allan má því flokka sem ferðamannasvæði. (Bls. 70)

„Með tilkomu jarðganga munu Hólar verða í alfaraleið, sem mun styrkja starfsemi og byggð á Hólum.“ (bls. 66)

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður. *Aðalskipulag sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Greinargerð*. Bls. 66-72.



SKIPULAGSSVÆÐI



Hólar í Hjaltadal. Greinargerð um framtíðarsýn, [Greinargerð frá 2006] bls. 15.

Við skipulagsgerð er lagt til að áður nefnd *Greinargerð frá 2006* verði rýnd m.t.t. framtíðarsýnar um landnotkun, byggðaþróun og byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfis- og loftslagsmál. Þá er lagt til að framtíðarsýn Nemendagarða ses. verði skýrð. Þeir eiga töluvert af húsnæði á Hólum og eru í miklum rekstrarvanda. Ef eignir þeirra verða seldar undir ferðaþjónustu þarf að taka tillit til þess á aðalskipulagi og við skipulagningu frekari íbúðabygðar, en ferðaþjónusta og íbúðabygð fara oftast ekki saman.

Á meðfylgjandi korti sem fylgdi *Greinargerðinni frá 2006* má sjá skipulagssvæðið sem þá var lagt til að yrði deiliskipulagt. Ljóst er að ekki er nóg að skipuleggja bæjartorfuna á Hólum ef staðurinn á að vaxa og þróast með sjálfbærum hætti.

Á Hólum hefur ekki verið unnið hættumat vegna ofanflóða, skv. reglugerð nr. 505/2000. Í skýrslu Veðurstofu Íslands frá 2019, um ofanflóðaaðstæður í Skagafirði er talið að syðstu og efstu hús í byggðinni á Hólum geti verið í snjóflóðahættu og hesthúsin þar sunnan við.

Heimild: Sveinn Brynjólfsson, Brynjólfur Sveinsson, Halldór G. Pétursson: *Könnun á ofanflóðum í Skagafirði austan Vatna utan Akrahrepps*, bls. 123-128.)

Við skipulagsgerð er rétt að gera ráð fyrir *verndarsvæði í byggð* í þeim tilgangi að tryggja sem best varðveislu þeirra svæða sem hafa sögulegt gildi. (Nánari upplýsingar: <https://www.minjastofnun.is/is/verndarsvaedi>)

Við skipulagsgerð er haft samráð við íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila þar sem gefin eru tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri. Skipulags- og samráðsferlið er því mikilvægt verkfæri til að leggja fram hugmyndir um þróun áfangastaðarins til framtíðar.

TILLAGA 2: ÁREIÐANLEG GÖGN

Skipulagsgerð hvers tíma tekur mið af ríkjandi hugmyndafræði en mótar framtíðina til næstu áratuga!

Við uppbyggingu áfangastaðarins er nauðsynlegt að taka mið af heildrænni framtíðarsýn Hóla í Hjaltadal og skapa vegvísi til framtíðar sem byggir á áreiðanlegum upplýsingum og traustum gögnum. Áfangastaður ferðamanna á Hólum þarf því að taka mið af þörfum og skipulagi skóla, kirkju, íbúðabygðar og framtíðarsýnar hvað varðar aðra þætti er lúta að skipulagi.

Lagt til að ákvarðanir um stjórnun, skipulag og þróun áfangastaðarins og Hóla í heild sinni byggji á greinargóðum upplýsingum um núverandi stöðu og framtíðarsýn hagaðila, SVÓT- og þarfagreiningum og lifandi gögnum.

Lagt er til að reglulega fari fram gagnasöfnum hvað varðar t.d. gestatalningar í rauntíma, ástandsmat, hættumat, viðhorfskannanir, samtöl við hagaðila og íbúa.

Lagt er til að fullnaðarhönnun byggji á sögulegum upplýsingum, þannig að hún hafi skirskotun til ásýndar og sögu staðarins.

TILLAGA 3: GÆÐAVIÐMIÐ



Lagt er til að á Hólum verði byggður upp fyrirmyndar áfangastaður sem byggir á hugmyndafræði og gæðaviðmiðum Vörðu, sem og öðrum leiðbeiningum um faglega uppbyggingu áfangastaða.

Varða er samstarfsverkefni á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis um uppbyggingu fyrirmyndar áfangastaða í íslenskri ferðaþjónustu. Áfangastaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu geta sótt um að fara í ferli til að verða Varða.

Lagt er til að á Hólum verði boðið upp á hágæða menningarferðaþjónustu sem endurspeglar menningarlegt sjálfstraust fyrir sögu staðarins í nútíð og fortíð. Auk þess sem að henni verði miðlað með lífandi og skemmtilegum hætti þar sem reynir á ólík skilningarvit gesta.

Í upphafi þessa verkefnis var útbúinn gátlisti yfir æskileg gæðaviðmið við uppbyggingu og áfangastaðastjórnun á Hólastað, byggður á gæðaviðmiðum Vörðu. Sjá fylgiskjal 1. Lagt er til að áfram verði tekið mið af honum við hönnun, uppbyggingu og rekstur áfangastaðarins. Gæðaviðmið við uppbyggingu Hólastaðar er þó rétt að endurskoða reglulega m.t.t. áherslna stjórnvalda við uppbyggingu fyrirmyndarstaða og útgefina gæðaviðmiða.

Varða miðar að eftirfarandi heildstæðri nálgun við uppbyggingu fyrirmyndarstaða í íslenskri ferðaþjónustu:

- Verndun náttúru, menningarsögulegra minja og landslagsheildar svæðisins
- Hágæða móttöku gesta í samræmi við staðargæði
- Virðingu fyrir íbúum, staðaranda og framþróun svæðisins

Staðir sem sækja um í Vörðu þurfa að sýna fram á langtímaskuldbindingu og framfylgja skilgreindum viðmiðum við stjórnun og skipulagningu sem meðal annars varðar hönnun innviða, aðgengi, fræðslu, öryggi, álagsstýringu og starfræna innviði. Við umsjón þeirra er unnið að sjálfbærni á öllum sviðum, umhverfislegri, samfélagslegri og efnahagslegri.

„Virki þátttaka sveitarfélaga og annarra hagaðila er mikilvæg fyrir framþróun [Vörðu] og gert er ráð fyrir aðkomu allra viðeigandi aðila í gegnum ferlið. Með heildstæðri nálgun áfangastaðastjórnunar er unnið út frá sérstöðu hvers staðar með áætlun til lengri tíma og ítarlegri rýni.“ Stefnskjal. Varða – merkisstaðir á Íslandi, bls. 3.

Markmið [Vörðu] er að búa til umgjörð um hugmyndafræði heildstæðrar nálgunar áfangastaðastjórnunar svo uppfylla megi eftirfarandi sýn;

- Aðráttarafli áfangastaðanna fær að njóta sín og umhverfisstjórnun er til fyrirmyndar út frá áherslum sjálfbærrar þróunar þannig að framtíðarkynslóðir geti notið þeirra um ókomna tíð.
- Unnið er að svæðisbundinni þróun og hvatt til samstarfs og samhæfingar. Uppbygging stuðlar að ánægjulegri upplifun, lengri dvöl og skapar viðskiptatækifæri og efnahagslegan ávinning fyrir nærumhverfið. [Varða] styður við stefnu stjórnvalda í ferða-, umhverfis-, menningar- og samgöngumálum auk nýsköpunar og stafrænnar stjórnsýslu. Verkefnið styður við innleiðingu eftirfarandi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: 8 (8.9), 9, 11 (11.4), 12 (12.5 og 12.B), 13 og 15.“ Stefnskjal. Varða – merkisstaðir á Íslandi, bls. 3.

Varða samræmist áherslum í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 og samræmist áherslum í stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða sem gildir fyrir 2018-2029.

Þingvellir hlutu viðurkenningu sem fyrsta Varðan á Íslandi árið 2022 fyrir framúrskarandi áfangastaðastjórnun. Nokkrir aðrir staðir í eigu ríkisins eru í umsóknarferli.

Nánari upplýsingar um Vörðu: www.varda.is

TILLAGA 4: GESTASTOFA HÓLASTAÐAR

STAÐSETNING

Lagt er til að Gestastofa Hólastaðar, sem er í senn þjónustu/móttöku-, sýningar- og menningarhúsi, verði komið fyrir í sambyggðu húsi sem áður hýsti fjós, hlöðu, hesthús, áburðarkjallara og geymslu en er í daglegu tali kallað fjósið. Lagt er til að húsið verði annað hvort endurgert eða rífið og byggt upp að nýju. Húsið er hluti af staðarmynd Hóla.

Fjósið blasir við þegar komið er heim að Hólum. Það liggur vel við núverandi og fyrirhuguðum bílastæðum, söguslóð, kirkju og ferðaþjónustuframboði. Staðsetningin stuðlar einnig að góðri stýringu gesta og skapar tengingu við hestasvæðið. Með endurgerð þess er verið að stuðla að verndun og varðveislu eignar sem hefur sögulegt og menningarlegt gildi. Ef fjósið verður rífið og byggt aftur upp í sömu mynd, gefst tækifæri til að stækka það með því að lengja kjallarann til austurs. Í næsta nágrenni við fjósið er svæði til að bæta við innviðum, s.s. þjónustubyggingum, salernum og bílastæðum. Við hlið fjóssins eru tveir súrheysturnar sem gefa tilefni til margþættar og skemmtilegrar notkunar.

Loftmynd (efri): Magnús Barðdal, 2023
Svarthvít mynd af fjósi: Úr ljósmyndasafni Hjalta Pálssonar
Loftmynd (neðri): Kári Heiðar Árnason, 2017



SAGA FJÓSSINS

Við upphaf verkefnisins stóð til að hanna 50 fm þjónustuhús til móttöku gesta. Á fundum stýrihópsins var ákveðið m.t.t. umhverfislegra sjónarmiða, endurnýtingar og sögu að kanna hvort og þá hvaða núverandi byggingar á Hólum gætu þjónað hlutverki þjónustuhúss. Til greina komu Búshúsið sem stendur autt, syðri hluti Sögusetursins sem lítið er notaður og fjósið sem er í notkun að litlum hluta en þarfnast endurnýjunar.



Hólar 1932. Fjósið fyrir breytingar.

Ljósmynd: Úr ljósmyndasafni Hjalta Pálssonar

Stýrihópurinn var sammála um að gamla fjósið væri heppilegast vegna ýmissa þátta sem áður hafa verið raktir. Á árunum fyrir hrun stóð til að rífa fjósið og reisa þar veglegt móttöku- og menningarhús. Frá þeim áformum var fallið í kjölfar bankahrunsins árið 2008.

Húsið er steinsteypt, hluti af því var byggt árið 1914 og þykir sá hluti hvað best byggður. Árið 1948 var fjósið stækkað og byggður áburðarkjallari undir það vestanvert. Húsið hefur ekki verið notað nema að litlum hluta síðan kúabúskap var hætt ár Hólum á 1987.

Heimild: Gunnar Rögnvaldsson, samtal, 2. janúar 2024.

Árið 1996 var innréttuð sýningaraðstaða í kjallara og þar starfrækt fiskasafn um tíma. Um svipað leyti var norðurhluti hússins gerður upp, sett milliloft í hlöðuna og rannsóknaraðstöðu komið fyrir á neðri hæðinni en íbúða á þeirri efri. Síðar var innréttuð aðstaða í norðurhluta hússins fyrir Bjórsetur Íslands. Nýverið var frumkvöðlafyrirtækinu Ísponica komið fyrir í áburðarkjallara hússins.

Heimild: Stoð ehf verkfræðistofa. *Fjósið á Hólum. Aðaltekning.*

TÆKIFÆRIN Í FJÓSINU

Lagt er til að ástand fjóssins verði vandlega metið, m.t.t. hvort gera skuli bygginguna upp eða hún rifin og byggð upp á nýtt en með sama ytra útliti. Ef húsið verður rifið og byggt upp aftur með stærri kjallara verður til afar hentugt gluggalaust sýningarrými. Lagt er til að súrheysturnarnir verði einnig gerðir upp.

Fjósið er skráð hjá fasteignamati sem hlaða, fjós, hesthús, áburðarkjallari og geymsla og er alls um 800 fm² að stærð. Án þess að gera útlitsbreytingar má stækka húsið í um 1.200-1.500 fm². Í hlöðuna er tilvalið að setja milliloft að hluta eða öllu leyti og að lengja áburðarkjallarann til austurs.



Húsnæði að þessari stærð í hjarta Hólastaðar er kjörinn samkomustaður fyrir gesti og heimamenn þar sem í boði verður að ganga um upplifunarsýningu um sögu Hóla frá landnámi til nútíma, líta við á sérsýningar, njóta góðra veitinga á kaffihúsinu, koma við í minjagripasölu og nýta sér salernin. Einnig er lagt til að í húsinu verði skrifstofur Gestastofunnar og rými fyrir aðra glæðandi starfsemi. Rétt er að hafa framtíð Bjórseturs Íslands og frumkvöðlafyrirtækið Ísponica í huga þegar notkun á húsinu verður ákveðin.

Við Gestastofu Hólastaðar er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir fatlaða og rafmagnsstæðum. Við Gestastofuna þarf að tryggja gott aðgengi að flokkunarílátum, líkt og annars staðar þar sem við á.

Ljósmynd: Úr ljósmyndasafni Hjalta Pálssonar



Afmælishátíð á Hólum 1957. Fjósið eftir breytingar, lengst til hægri.



Teikningar: Stoð verkfræðistofa ehf. Fjosið á Hólum. Aðalteikning.
Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023

Lagt er til að gengið verði inn í fjósið að framan (vestanverðu), utan af falgri verönd þaðan sem einstakt útsýni er bæði út fjörðinn og fram dalinn.

Í fremri hluta hússins (fjós) er ráðgerð móttaka, salerni, verslun og kaffihús. Gert er ráð fyrir salerni í nyðri hlutanum. Það hentar vel kirkjugestum og er spólkorn frá bílastæði fatlaðra og söguslóðarhringnum. Þar er líka stutt í inntak og skólplagnir. Hægt verður að ganga inn á hluta salernanna beint að utan (að norðan), en einnig verður innangengt á salerni úr móttökurými.



Aftari hluti hússins (hlaða) býður upp á ótal möguleika. Lofthæð er mikil og má jafnvel setja þar milligólf. Á efri hæð hlöðunnar mætti skapa hentugt skrifstofurými fyrir starfsmenn Gestastofunnar, auk rýmis fyrir frumkvöðla og listamenn. Neðri hæð hlöðunnar er tilvalin fyrir sérsýningar, ráðstefnur eða annað. Í nyrsta hluta hlöðunnar (á tveimur hæðum) er Bjórsetrið. Á neðri hæðinni er bruggstofa en á efri hæðinni er barinn.



Hortf af verönd fjóssins fram dalinn.




Hlaðan, sambyggð fjósinu gefur mikla möguleika.




Úr móttökusal verður hægt að ganga niður í kjallara (áburðarkjallara). Lagt er til að þar verði sýningarsalur fyrir fasta sýningu, sem fjallar um sögu Hólastaðar frá landnámi og til nútíma; glæstir tímar, niðurlæging, biskupar, búnaðarskóli, ástir og örlög. Úr móttökusal verður einnig hægt að ganga inn í rými gömlu hlöðunnar.


Ef núverandi fjós verður rífið en ytra útlit þess byggt upp aftur er tilefni til að hækka lofthæð í áburðarkjallara og setja kjallara undir bæði fjósið og hlöðuna. Með því að skapa stærra sýningarrými í kjallara gefst svigrúm til annarrar starfsemi í hinum rýmunum.

Teikningar: Stoð verkfræðistofa ehf. Fjosið á Hólum. Aðalteikning.






Fyrir ofan hlöðuna (austur) verður áfram bílastæði og þaðan séringangur í Bjórsetrið og séringangur á efri hæð hlöðunnar, ef sett verður í hana milligólf. Lagt er til að stórir gluggar verði settir í stað hlöðuhurðanna og hlaðið lækkað til að síðir gluggar fái að njóta sín og til að draga úr halla á milli bygginganna. Hafa skal í huga að setja glugga vesturpak hlöðunnar.



Norðan við fjósið verður áfram bílastæði, en hluti þess er hugsað fyrir fatlaða. Af bílastæðinu verður aðgengi fyrir alla að móttöku og inn á Hólastað. Stígurinn um söguslóð Hólastaðar er afar aðgengilegur af bílastæðinu, en hann er ráðgerður meðfram norðurhlið hússins.



Á Hólum gerir hvergi hlýrra veður en í skjólinu sunnan undir fjósveggnum og vestan við súrheysturnana. Þessa hlið hússins er tilvalið að tengja við framhlið þess þar sem gestir ganga inn Gestastofuna. Lagt er til að kaffihúsið verði í suðurhluta hússins og leyfa því að flæða út á góðviðrisdögum, bæði fyrir framan og sunnan við húsið. Við það myndast einnig tenging við súrheysturnana og hugsanlega starfsemi þar.



Frá engri byggingu á Hólastað er jafn mikið útsýni og frá fjósinu, bæði fram og út Hjaltadal. Hér er horft af fjóshlaðinu út á Skagafjörð. Til vinstri á myndinni er Tindastóll og til hægri Hnjúkarnir.

Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023.
Teikningar: Stoð verkfræðistofa ehf. *Fjósið á Hólum. Aðalteikning.*

UPPLIFUNARFERÐÞJÓNUSTA Í SÚRHEYSTURNUM VIÐ GESTATOFUNA

Súrheysturnarnir, við hlið fjóssins, bjóða upp á marga möguleika, t.d. uppsetningu norðurljósa- og stjörnuskoðunarstöðvar Guðbrands Þorlákssonar eða/og stúdíó fyrir lista- og fræðimenn.

Guðbrandur (1541-1627) Hólabiskup, hafði „...mikinn áhuga á stjörnufræði og landmælingum og tókst að reikna út hnattstöðu Íslands og einnig Hóla af meiri nákvæmni en áður hafði verið gert. Hann gerði líka landakort af Íslandi og leiðrétti önnur eldri. Var Íslandskort Guðbrandar lengi fyrirmynd annarra korta. Nánasti samstarfsmaður Guðbrandar mestaalla biskupstíð hans var Arngrímur Jónsson lærði“
Heimild: Guðbrandur Þorláksson,
is.wikipedia.org/wiki/Guðbrandur_Þorláksson



TILLAGA 5: AÐKOMA, BÍLASTÆÐI OG SALERNI VIÐ BÍLASTÆÐI

Staðsetning bílastæða tekur mið af aðkomu (heimreið). Gert er ráð fyrir salernum, hleðslustöðvum og viðeigandi merkingum við bílastæðin.



ÚTFÆRSLA X1 er lögð fram af Landslagi ehf. og felur í sér að aðkoma að Hólastað verði óbreytt. Tillagan er í meginatriðum þessi:

Að staðsetja bílastæði (A) og salerni rétt sunnan við grunnskólann.

Að staðsetja bílastæði (B) fyrir neðan biskupssetrið og norður af kirkjunni.

Að fjarlægja bílastæðin við aðalbyggingu og breyta þeim í torg.

Gert er ráð fyrir að landmótun feli að mestu eða öllu leyti bílastæðin frá heimreiðinni.



ÚTFÆRSLA X2 felur í sér að færa aðkomu heim að Hólum neðan við staðinn. Tillagan er í meginatriðum þessi:

Aðkoma að Hólastað verði færð fyrir neðan Hólastað og núverandi heimreið sem liggur frá grunnskóla heim að Hólum verði fjarlægð. Í *Greinargerðinni frá 2006* kemur fram hugmynd um að færa heimreiðina fyrir neðan Hólastað.

Að staðsetja bílastæði (C) sem fyrir neðan fjósið og láta það ná suður undir fjárhús. Sú staðsetning gefur rými til stækkunar síðar meir.

Að stækka bílastæði (C1) á Hólastað til suðurs en breyta bílastæði beint suður af aðalbyggingu háskólans í torg.



ÚTFÆRSLA X3 er nánari útfærsla á X2 og gerir ráð fyrir töliverðum vexti Hóla til framtíðar. Hún felur í sér að taka af veginn sem liggur fyrir neðan fjós og færa hann fyrir ofan fjós á svipaðar slóðir og hann lá eitt sinn. Við þessa breytingu er gamla Hólaþorpið og staðurinn sannarlega orðinn að einni heild. Gestastofan fær meira rými til athafna og er laus við umferð fyrir framan inngang og verönd.

Tillagan miðar að því að skapa enn meira svigrúm s.s til uppbyggingar ferðapjónustu, fjölgunar bílastæða á Hólastað og góðrar aðgangsstýringar. Jafnframt að gera staðinn að enn ákjósanlegri mótsstað fyrir íslenska hestinn vegna þess svigrúms sem skapast til uppbyggingar þjónustu við gesti.

Mynd tv.: Úr kortasjá Skagafjarðar
Loftmyndir: Kári Hreiðar Árnason, 2017

AÐKOMULEIÐIR FYRR OG SÍÐAR

Fyrr á tímum lágu leiðir heim að höfuðstað Norðurlands, Hólum í Hjaltadal úr öllum áttum. Á loftmyndinni er Latínustígur/traðirnar lengst til vinstri. Margt bendir til að sú heimakoma eigi sér langa sögu. Vegurinn fyrir miðju var lagður fyrir miðja 20. öld. Hann sker í sundur minjasvæði staðarins, þ.e. gamla Hólaþorpið.

Þeir sem komu riðandi úr framsveitum Skagafjarðir í Hóla fóru gjarnan Hrisháls. Síðan var farið yfir Hjaltadalsá í nágrenni Kálfsstaða og svo eyrarnar heim að Hólum, eða fyrir neðan staðinn. Þeir sem komu utanað eða yfir Heljardalsheiði úr Svarfaðardal hafa líklega farið Latínustíg/traðirnar síðasta spottann heim að Hólum.



Ljósmyndirnar sýna ólíka aðkomu heim að Hólum í gegnum tíðina.

Loftmynd: Kári Hreiðar Árnason, 2017
Litmynd: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023
Svarthvítar ljósmyndir: Úr ljósmyndasafni Hjalta Pálssonar



Hólar 2017



Hólar 1897



Hólar 1914



Hólar 1948

NÚVERANDI AÐKOMULEIÐ OG MINJASVÆÐI

Núverandi aðkomuleið að Hólum sker í sundur gamla Hólastaðinn, þ.e. minjasvæðið, líkt og sjá má á litmyndinni.

Litmynd: Magnús Barðdal, 2023
Svarthvítar myndir: Úr safni Hjalta Pálssonar



Minjasvæði /Gamla Hólaborpið



Gamla Hólaborpið



Gamla Hólaborpið

ÚTFÆRSLA X1: BÍLASTÆÐI A OG B

Landslag ehf setti fram tvær tillögur að staðsetningu nýrra bílastæðasvæða tengt ferðþjónustu og annarri starfsemi.

Tillaga Landslags að staðsetningu bílastæða er sýnd á túnnum vestan við áhrifasvæði minjaverndar. Lagt er til að rúttustæði verði á nýju bílastæðasvæði og að felld verði út núverandi bílastæði á bæjartorfunni.

Núverandi bílastæði

Lagt er til að bílastæði við byggingar á bæjartorfunni verði að mestu látin víkja með uppbyggingu nýs bílastæðasvæðis 250-500 metrum frá. Með því að draga bílastæði tengt ferðþjónustu út fyrir bæjartorfuna er hægt að fækka þar stæðum og skapa bílalaust umhverfi með vistgötum. Áfram verði gert ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra við byggingar.

Bílastæði norðan við gamla fjósið fær hlutverk álagsbílastæðis og lagt er til að þar verði yfirborðsefni skipt út í t.d. grashellur til að styrkja yfirbragð við aðkomusvæði.

Loftmynd: Skjáskot úr kortasjá Skagafjarðar



ÚTFÆRSLA X1: BÍLASTÆÐI A OG B

Á bílastæðasvæði skal gera ráð fyrir stórum upplýsingaskiltum með korti af ferðamannastaðnum, stígakerfi, áningarstöðum og almennum upplýsingum. Þar skal einnig setja upp salernisaðstöðu í byggingum sem falla vel að landi og að efnisval falli vel að yfirbragði byggðar og náttúru.

Bílastæði A

- Tillaga að staðsetningu er í hvarfi með náttúrulegri landmótun og er markmið að staðsetning takmarki ekki upplifun af ásýnd heim að Hólum. Mikilvægt er að unnið sé að frekari landmótun til að fella bílastæðasvæði betur í landið.
- Frá bílastæðasvæði A er gengið eftir Latínustíg heim að Hólum um 250 metra eða 2-3 mínútna ganga. Gönguferðin styrkir upplifun og eftirvæntingu gesta. Bílastæði er örstutt frá bílastæði grunnskólans.

Bílastæði B

- Tillaga að staðsetningu er við núverandi vegtengingu að tjaldsvæði. Staðsetning er í hvarfi og um 500 metra fjarlægð frá bæjartorfunni og hefur því lítil áhrif á ásýnd. Hægt er að vinna að frekari landmótun til að fella bílastæðasvæði betur í landið.
- Frá bílastæðasvæði B er gengið eftir Latínustíg heim að Hólum um 500 metra eða 4-6 mínútna ganga. Gönguferðin styrkir upplifun og eftirvæntingu gesta.

Til viðmiðunar er hér dæmi um fjarlægðir frá bílastæðum að upplifunarsvæðum á vinsælum ferðamannastöðum:

- Bláa lónið: 220 metrar
- Goðafoss: 400 metrar
- Öxarfoss (núverandi bílastæði): 400 metrar

Loftmynd: Skjáfsskot úr kortasjá Skagafjarðar



ÚTFÆRSLA X1: BÍLASTÆÐI A OG B

Mikilvægt er að skerða ekki ásýnd heim að Hólum og fela bílastæðasvæði með landmótun.



ÚTFÆRSLA X2: NÝ AÐKOMA HEIM AÐ HÓLUM

Núverandi þjóðvegur, frá barnaskólanum og heim að Hólum liggur þvert yfir hinn forna Hólastað.

Lagt er til að heimreiðin (1) verði færð fyrir neðan Hólastað og hefjist til móts við akstursleið inn á tjaldstæðið í skóginum. Upphaf heimreiðarinnar getur líka hafist þegar komið er yfir brúna við bæinn Víðines eða áður en komið er að Víðinesánni, en til umræðu hefur verið að skipta út þessari hættulegu einbreiðu.

Kostir við heimreið 1:

Haldið er í upplifunina að sjá Hólastað í allri sinni dýrð af hæðinni við grunnskólann.

Minjasvæðið og gamla Hólaþorpið er gert að einni heild. Nú sker vegurinn gamla Hólastað í sundur.

Hólastaður losnar við alla óþarfa og hættulega umferð um staðinn. Gert er ráð fyrir að þeir sem eiga erindi í hesthúsaþverfið (gjarnan þungir jeppar með stórar kerrur) og frammar í dalinn beygi til hægri á nýjum gatnamótum við gömlu fjárhúsin (7). Ferðamenn sem eiga erindi á Hólastað leggja á bílastæði C og ganga þaðan á merktum stígum. Íbúar hafa kost á að aka beint í hverfin sín. Gert er ráð fyrir að starfsmenn, nemendur og fatlaðir eigi kost á bílastæðum heim á Hólastað sbr. C1 ofl. bílastæði þar. Landmótun og gróður munu fela bílastæðin svo þau blasi ekki við af heimreið 1, af bæjartorfunni eða frá íbúabyggðinni.



- 1 Minjasvæði
- 2 Geststofa Hólastaðar / móttaka (fjósíð)
- 3 Sögusetur íslenska hestsins
- 4 Búshús
- 5 Aðalbygging háskólans og sundlaug
- 6 Tjaldstæði
- 7 Gömlu fjárhúsin


Á myndinni hefur núverandi heimreið á milli grunnskóla og kirkju verið fjarlægð en ekki er löng hefð fyrir henni. Í *Greinargerðinni frá 2006* kemur fram að núverandi heimreið sé barn síns tíma frá sjónarhóli umferðarskipulags þar sem öllum akstri að staðnum er beint heim á hlað.

Ljósmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017

ÚTFÆRSLA X2: NÝ AÐKOMA OG ÚTSÝNI

Með því að færa heimreiðina fyrir neðan staðinn opnast á útsýni fram dalinn, í átt að fornum þjóðleiðum.

Nýi vegurinn stuðlar að því að gera staðinn að einni heild og bætir til muna aðgengi og öryggi. Við nánari útfærslu á þessari leið þarf að huga að flóttaleiðum.



Loftmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017
Aðrar ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023

Horft heim að Hólum af hæðinni við grunnskólann. Gert er ráð fyrir að nýja heimreiðin sveigi til vesturs fyrir neðan móttökuskiltið á myndinni. Núverandi heimreið yrði aflögð frá þeim stað. Gamli Hólastaður yrði að einni heild með aðgengi að minjasvæði.



Útsýni fram dal og heim að Hólum af nýrri heimreið

ÚTFÆRSLA X2: NÝ AÐKOMA OG HESTASVÆÐI



Á Hólum hefur verið byggð upp fyrirmyndaraðstaða til reiðkennslu og mótahalds.

Landsmót hestamanna fór fram á Hólum árið 1966 og 2016. Næsta landsmót mun fara fram á Hólum árið 2026.

Nýja heimreiðin mun taka af þungaflutninga um Hólstað, auka öryggi og bæta aðgengi að mótstað.

Staðsetning á bílastæði C, salernisaðstöðu og göngustígum er hentug og þjónar í senn gestum Hólstaðar og gestum á hestamótum og hestasýningum.

Í greinargerð sem fylgir aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035, er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestaíþróttir í samræmi við deiliskipulag (sbr. svæði ÍP-701 á aðalskipulagi Skagafjarðar).

Ljósmynd: Tv. Óli Arnar Brynjarsson/Feykir. Th. Eiðfaxi.is.
Loftmynd: Feykir, 2016



ÚTFÆRSLA X2: BÍLASTÆÐI C, C1 OG SALERNI

Bílastæði C hefur eingöngu akfæra tengingu við nýja heimreið. Umferðinni er því ekki beint heim á Hólstað. Merkt stígakerfi liggur af bílastæðinu að Gestastofu Hólstaðar, á söguhringin, að íbúabyggð og að hesthúsa- og mótasvæði.

Við sitt hvorn enda bílastæðisins er gert ráð fyrir **salernum** sem eru falin í landslaginu en með fallega útsýnisglugga út í náttúruna. Syðra salernið er með glugga til norðurs, en hitt til suðurs. Nyðra salerni er í senn við bílastæðið og nánast við upphaf söguhringsins en hið syðra nær hesthúsa- og mótasvæði.

Hin nýja aðkoma og staðsetning á bílastæði C byggir nokkurs konar brú á milli Hólstaðar, hesthúsa- og mótasvæðis og íbúabyggðar. Bílastæði C og salerni nýttist vel á stórmótum íslenska hestsins sem haldin eru á Hólum.

Bílastæði C1 er nýtt bílastæði á Hólstað og er í raun framlenging til norðurs á núverandi bílastæði sem liggur á milli Söguseturs og Búshúss.

Á bílastæðum er gert ráð fyrir rafmagnstengingum og merkinga- og leiðakerfi.


Ljósmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017



ÚTFÆRSLA X3: FJÓSVEGUR AFLAGÐUR, GÖNGUSTÍGAR OG ÚTIVISTARSVÆÐI


Í útfærslu X3 er horft enn lengra fram í tímann og gert ráð fyrir að á þéttbýlisstaðnum Hólum verði blómleg byggð og starfsemi. Með vexti Hóla má ekki útiloka að jarðgöng verði sett undir Hjaltadalsheiði og yfir í Hörgárdal, en þau eru á samgönguáætlun.

Fjölmargin þéttbýlisstaðir á Íslandi hafa mátt horfa upp á afleiðingar þess að að fyrri skipulagsgerð og uppbygging hefur ekki tekið mið af heilðrænni nálgun, framtíðasýn eða sveigjanlegu vaxtarlíkani. Það má ekki gerast við skipulag Hólustaðar.



ÚTFÆRSLA X3: FJÓSVEGUR AFLAGÐUR, BÍLASTÆÐI C, C1 OG D

Útfærsla X3 byggir ofan á útfærslu X2. Við hana bætist að afleggja veginn sem liggur fyrir neðan fjósið og færa hann nær gamla vegslóðanum fyrir ofan fjósið. Auk þess að bæta við bílastæði D suður af fjósinu og fella salerni inn í hólinn undir bílastæði D. Sú staðsetning salernis er miðsvæðis, í næsta nágrenni við Gestastofu og kirkju en í kirkju er ekkert salerni. Bílastæði eru skammt undan og stígar á söguslóð.



Gert er ráð fyrir að bílastæði séu falin með landmótun og gróðri. Salerni eru látin falla inn í landslagið. Með tilkomu bílastæða C1 og D fjölgar bílastæðun á Hólatorfunni sem þjóna kirkjugestum, starfsfólki, nemendum og fötluðum. Vonast er til að með fjölgun stíga muni starfsfólk og nemendur temja sér vistvænni ferðamáta, s.s. reiðhjól, rafhjól og rafskútur.

Við skipulag á Hólum er lagt til að horft verði til heilðrænnar skipulagningar. Við skipulagsvinnu er t.d. rétt að hafa staðsetningu hótels og veitingastaðar í huga. Hér er tillaga að þremur stöðum fyrir hótel.

- Hótel mætti fella inn í hólinn, bæði undir og framan við bílastæði D. Frá því væri glæsilegt útsýni í norður, vestur og austur. Ganga mætti inn á efstu hæð hótelsins beint af bílastæði D, en inn á neðstu hæð af bílastæði C.
- Hótel mætti fella inn í hólinn fyrir neðan fjósið og ofan við bílastæðið C.
- Hótel að fyrirmynd gamla skólahússins sem brann árið 1926 mætti reisa sunnan við Gestastofuna. Til dæmis hús með samskonar framhlið en viðbyggingu bakatil. Þá þyrfti að færa bílastæði D ofar eða þar sem litlu timburhúsin eru núna. Slík bygging yrði sönn og endurvakin staðarþrýði og reisulegt að horfa heim að Hólum (af heimreið 1).

Við skipulagsvinnu er einnig rétt að skoða fýsileika annars hótels, tjaldstæðis og þjónustukjarna í beinum tengslum við grunnskólann, á svæðinu fyrir ofan grunnskólann.



Loftmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017. Svarthvítar myndir: Úr safni Hjalta Pálssonar. Hótel í landslagi: vef. Amazing architecture.

TILLAGA 6: LATÍNUSTÍGUR

Lagt er til að Latínustígur, sem einnig er kallaður Biskupavegur eða Gömlu traðirnar, heim að Hólum verði endurvakinn sem göngustígur frá bílastæði grunnskólans og/eða frá bílastæðum sem fram koma í útfærslu X1.



Ljósmynd: Úr safni Hjalta Pálssonar.



Úr ljósmyndasafni Hólaskóla.



Líkindi eru með Latínustíg og Almannaþjá (t.h).
Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir, 2023.



Út frá grunn- og leikskólanum liggur Latínustígurinn meðfram skógarjaðrinum og heim að Hólum. Við grunn- og leikskólann eru innviðir á borð við bílastæði og salerni sem mætti nota á sumrin. Tækifæri eru til þróunar ferðaþjónustu í grunnskólanum þann tíma ársins sem húsið stendur autt, s.s. veitingasölu og minjagripasölu. Fyrir ofan og norðan við skólana er frábært útsýni og tilvalið til uppbyggingar ferðaþjónustu s.s. hótels og tjaldstæðis. Í greinargerðinni frá 2006 er lagt til að þar verði skipulagt tjaldstæði og íþróttahús/íþróttvöllir og sundlaug/þjónusta. Beint fyrir ofan grunnskólann er lagt til að skipulögð verði íbúða/orlofsbyggð. Loftmynd: Magnús Barðdal, 2023

Í *Greinargerðinni frá 2006*, er lagt til að Latínustígur heim að Hólum fái aukið vægi.

Latínustígur er lengst til vinstri á báðum myndum. Með tilfærslu þjóðvegjar og breyttri aðkomu að Hólstað mun verndarsvæði þjóðminja vestan og norðan dómkirkjunnar verða eitt og samfelt, í beinum tengslum við skólahús, dómkirkju og Gestastofu.

Loftmynd: Kári Heiðar Árnason, 2017

Ljósmynd: Úr safni Hjalta Pálssonar



„Gamli vegurinn heim að Hólum, frá grunnskóla framhjá biskupssetri og Auðunarstofu og áfram upp brekkuna milli skólahúss og dómkirkju hefur sérstakt vægi sem einskonar gönguás staðarins. Ganga eftir þessari leið býður upp á einstaka upplifun, ferðalag í tíma og rúmi þar sem sérkenni staðarins opinberast með áhrifaríkum hætti. Má líkja henni við gönguleiðina ofan af Hakinu á Þingvöllum niður í Almannaþjá. Lagt er til að Latínustígurinn verði nýttur með markvissum hátti í kynningu á staðnum og sögu hans, t.d. að koma á þeirri hefð að ferðahópar gangi síðasta spölinn heim að staðum.“
Heimild: *Hólar í Hjaltadal. Greinargerð um framtíðarsýn*, 2006, bls. 5.

TILLAGA 7: TORG OG BISKUPAGARÐUR

Lagt er til að afleggja bílastæðið sem er næst aðalbyggingu háskólans og breyta svæðinu í torg og færa Biskupagarðinn nær upprunalegu horfi. Biskupagarður, torg og bæjarhóll myndu þá renna saman í eitt samfellt svæði. Biskupagarðinn mætti jafnvel færa um nokkra metra til austurs, þannig að vestari hlið hans verði samsíða framhlið aðalbyggingar. Við það skapast meira rými á Hólahláðinu.

Lagt er til að götunni fyrir framan skólahúsið verði breytt í vistgötu, hún hellulögð og upphituð. Einnig er lagt til að götur á milli hlöðu, Söguseturs og Búshúss verði með sama hætti gerðar vistvænar en bílastæðin þar stækkuð. Auk þess að a.m.k. stígur að kirkju verði upphitaður.



Um 1910 voru gerðir tveir skrudgarðar við skólahúsið á Hólum. Annar var vestan undir húsinu með skrautblómum, þar sem nú er veitingaskáli. Hinum var komið fyrir í suðri, plantað í hann trjám og kallaður Biskupagarður.

Þessar ljósmyndir gefa ákveðna hugmynd um það yfirbragð sem bílalaust svæði við aðalbygginguna kann að gefa, þ.e. torg í stað bílastæða.

Ljósmyndir: T.h. úr ljósmyndasafni Hjalta Pálssonar, t.v. úr bókinni: *Bændaskólinn á Hólum 1882-1982. Afmælisrit*, bls. 286.



YFIRBRAGÐ TORGS OG BISKUPAGARÐS

Í Biskupagarðinn og á torgið mætti setja birkitré, runna, skrautblóm, hellulagða stiga, bekki og gosbrunn.




Heimavinna ehf

Fordæmi


Skrúður í Dýrafirði sem opnaður var 1909, Austurvöllur Ísafirði og Frúargarður á Hvanneyri.



Afmörkun frá götu
Gróðurker og hleðslur



Yfirborðsefni
Hellur og timbur



YFIRBRAGÐ TORGS OG BISKUPAGARÐS

Búnaður

Bekkir og nestisborð með/án baki, gosbrunnar, óformleg leiktæki og sögutengingar



Lýsing: Ljósastaurar með útlit sem vísar í gamla tíma



Heimavinna ehf

TILLAGA 8: VIÐBURÐASVÆÐI VIÐ PRESTSSÆTI

Lagt er til að útbúið verði viðburðasvæði við Prestssæti. Svæðið er tilvalið fyrir smærri samkomur heimamanna og stærrí viðburði s.s. tónleika og leiksýningar.

Með tilkomu þessa viðburðasvæðis er jafnframt verið að horfa til framtíðar og fjölga skipulögðum áningarstöðum og stuðla að dreifingu ferðamanna.

Af Prestssæti var útsýni út á fjörð en nú hefur skógurinn vaxið fyrir það.

Tryggja þarf aðgengi fyrir alla að viðburðarsvæðinu.



Ljósmynd: Magnús Barðdal, 2023

YFIRBRAGÐ VIÐ PRESTSSÆTI



Hlaðið lítið svið eða pallur



Setstallar í brekku


TILLAGA 9: SÖGUSLÓÐARHRINGUR OG ÁNINGARSTAÐIR

Tillaga að söguslóð á Hólum felur í sér gerð stígakerfis sem liggur í tveimur hringjum (innri og ytri hring). Við áhugaverða staði er gert ráð fyrir söguskiltum og við suma þeirra er áning með hvíldarbekkjum. Gert er ráð fyrir öðrum merkingum eins og þurfa þykir og að leiðbeiningum Vegrúnar sé fylgt. Nauðsynlegt er að grisja skóginn. Miðað er við að gangan hefjist við Gestastofu Hólastaðar en þó er hægt að hefja hana hvar sem er á söguhringnum. Hún tekur um eina klukkustund.

1. **Gestastofa** (Móttaka fyrir ferðamenn í gamla fjósinu)
2. **Gamla Hólaþorpið og göngin**. Á 8. áratug síðustu aldar var hlaðinn nýr veggur í kringum kirkjugarðinn. Þá var komið niður á fornminjar sem reyndust vera jarðgöng sem lágu milli bæjarhúsanna og kirkju. Þau eru saman fallin enda talin allt frá dögum Auðunar rauða.
3. **Miðaldastofa** á minjasvæði.
4. **Prenthúsið** á minjasvæði. Í kringum 1530 flutti Jón Arason biskup fyrstu prentsmiðjuna til landsins. Var það tæpri öld eftir að Jóhann Gutenberg gerði þá merku uppgötvun að steypa mót af einstökum bókstöfum og raða þeim í orð, línur og blaðsíður. Frá upphafi fluttist prentsmiðja þessi oft á milli staða, en var þó lengst af á Hólum m.a. á dögum Guðbrands Þorlákssonar. Hann stóð fyrir mikilli bókaútgáfu og ber hæst Guðbrandsbiblíu sem kom út 1584.
5. **Gvendarbrunnur** sem er kenndur við Guðmund góða Arason.
6. **Auðunnarstofa** sem byggð er á heimildum um Auðunnarstofu hina fornu og er einstakt byggingarverk á Íslandi. Ekki eru til önnur slík hús hér á landi.
7. **Virkishóll (Slotið)** þar sem Jón Arason reisti sér virki til varnar dönskum valdsmönnum og útsendum lútherssíðar. **Latínuskóli** þar sem hinn forni skóli staðarins var starfræktur og t.d. Galdra-Loftur nam sín fræði.
8. **Hólabyrða og Gvendarskál**.
9. **Skógræktin** á Hólum.
10. **Prestssæti**. Hvíldar- og útsýnisstaður.
11. **Nýibær**. Hann er svo nefndur því gamli bærinn stóð enn þegar þessi var reistur um miðja 19. öld. Bærinn er einstakur íslenskur torfbær þar sem bærinn er byggður í einu lagi, þ.e. ekki var bætt við skálum eins og venjan var. Nýibær er nú í húsasafni Þjóðminjasafnsins.
12. **Sögusetur íslenska hestsins** var stofnað að Hólum í Hjaltadal 9. júní 2001 af Hestamiðstöð Íslands, Byggðasafni Skagfirðinga og Hólaskóla. Sögusetrið var gert að sjálfseignarstofnun árið 2006 og eru stofnaðilar hennar Byggðasafn Skagfirðinga og Hólaskóli. Sýning Sögusetursins opnaði formlega árið 2010.
13. **Biskupsgarður** við aðalbyggingu Háskólans á Hólum þar sem tré með nöfnum Hólabiskupa voru gróðursett.
14. **Skólahúsin og skólahald**. Skóli Jóns helga Ögmundarsonar, fyrsta biskups Hólastiftis (1106). Jón stofnaði fyrsta lærða skólann á Íslandi. Þangað sóttu prestsefni menntun sína og námu auk guðfræðinnar t.d. söng, hljóðfæraleik og stjarnfræði. Fór mikið frægðarorð af kirkjustjórn Jóns og skólahaldi. Frá hans tíð er orðtakið heim að Hólum sem síðan hefur lifað meðal þjóðarinnar. **Háskólinn á Hólum, aðalbygging**. Árið 1910 var byggt það hús sem er nú suðurhluti núverandi skólahúss. Norðurhluti hússins sem er frá 1927 er sambyggður húsinu frá 1910 og mynda þau eina órofa heild.
15. **Dómkirkjan og klukkuturninn**. Núverandi dómkirkja er elsta steinkirkja á Íslandi og fimmta dómkirkjan, jafnframt er hún sú minnsta. Rauði steinninn í kirkjuna var sóttur í Hólabyrðu og sér móta fyrir grjótnáminu í einu af giljunum fyrir ofan staðinn. **Klukkuturninn** er minnisvarði um Jón Arason. Turninn geymir nú jarðneskar leifar Jóns Arasonar. Í turninum er lítil minningarkapella með mósaikmynd eftir Erró. Turninn var vígður árið 1950 á 400 ára dánarafmæli Jóns Arasonar.



SÖGUSLÓÐARHRINGUR



SÖGUSLÓÐARHRINGUR MEÐ TILFÆRSLU HEIMREIÐAR

Með tilfærslu heimreiðar og breyttri aðkomu að Hólstað mun verndarsvæði þjóðminja vestan og norðan dómkirkjunnar verða eitt og samfellt, í beinum tengslum við skólahús, dómkirkju og Gestastofu (móttöku)



TILLAGA 10: AÐGENGI AÐ MINJASVÆÐI


Á minjasvæði er lagt til að gestir gangi fyrir framan hið forna Hólaborpp.

Tillögur að aðgengi og miðlun á minjasvæði var unnið í nánu samstarfi við Guðmund Sigurðsson minjavörð Norðurlands vestra, Guðnýju Zoéga fornleifafræðing og dósent við Háskólann á Hólum og Sigríði Sigurðardóttur sagnfræðing og lektor við Háskólann á Hólum.

Menjar um sögu Hólastaðar liggja bæði ofan- og neðanjarðar. Fornleifarannsókn fór fram á hinum forna Hólastað árin 2002-2008 og þá voru grafinn upp nokkur hús. Þeirra á meðal var stofa frá síðmiðöldum og hús frá 16.-17. öld svo sem leifar prentsmiðju Hólastaðar. Minjasvæðið þar sem uppgröfturinn fór fram er enn ófrágengið.



Nauðsynlegar aðgerðir: Að fylla upp í núverandi uppgraftarsvæði til að vernda þær minjar sem undir liggja og eru ókannaðar.



Heimavinna ehf

Ljósmynd: Magnús Barðdal

73


TILLAGA 11: MIÐLUN Á MINJASVÆÐI

Aðgerðir til miðlunar:

- Að mæla upp minjasvæðið. Það mun gefa möguleika til að endurgera útlínur minja/húsa, sem grafnar voru, með lágum veggjum á yfirborði til að skýra útlínur og gefa hugmynd um þorpsmyndina.
- Að leggja stíga fyrir neðan minjasvæðið. Við minjarnar verða sett upp skilti og áning með bekkjum. Á skiltunum eru upplýsingar og skýringarmyndir. Á þeim má einnig hafa QR-kóða og sækja viðbótarveruleika. Í honum yrði hægt skoða tilgátusýn (stafræna endurgerð) á fortíðina eða fá frekari upplýsingar um það sem fyrir augu bar á þeim tíma sem húsin stóðu.
- Að gera ráð fyrir útsýnispalli fyrir ofan minjarnar og fá þannig yfirsýn yfir svæðið.

Tillögur að stafrænni endurgerð:

- Hólastaður í upphafi – kirkjurnar á Hólum
- Virkið og göng úr virki yfir í kirkju
- Múrin rauði
- Göng úr kirkju til staðar
- Prentsmiðjan
- Miðaldastofan



Heimavinna ehf

74

TILLAGA 11: GÖNGULEIÐ Í GVENDARSKÁL

Tillagan felur í sér að ganga í Gvendarskál hefjist við Gestastofu Hólastaðar. Fyrstu metrar hennar verða því á söguslóð og beygt út af henni við Prestssæti. Gangan getur einnig hafist í Biskupagarði. Þá er gengið inn í Hólaskóg á bak við aðalbyggingu háskólans líkt og þessi mynd sýnir.

Lagt er til að gerður verði náttúrulegur göngustígur upp í Gvendarskál. Þá er gert ráð fyrir að leiðin verði stíkuð að nýju og skv. leiðbeiningum frá Vegrúnu. Einnig að sett verði upp almennt upplýsingaskilti þar sem gengið er út af söguhringnum við Prestssæti og inn á göngustíginn í Gvendarskál. Á skiltinu er rétt að hafa kort og helstu upplýsingar. Á því skal einnig vera QR-kóða sem vísar í gönguleiðarkort og aðrar gagnlegar upplýsingar. Á gönguleiðinni þarf síðan að setja niður stikur, vegpresta og vegvita

Skiltin skulu vera hönnuð í samræmi við skilti á söguslóðinni og því samkvæmt Vegrúnu – samræmdu skiltakerfi.

Ljósmynd: Magnús Barðdal, 2023

Gvendarskál hvílir líkt og skessusæti í fjallinu Hólabyrðu sem gnæfir tignarlega yfir Hólastað. Í lok 20. aldar voru skipulagðar gönguferðir upp í Gvendarskál, enda geymir hún ríka sögu og útsýni úr henni yfir Skagafjörð má telja einstakt. Hækkun: 400 m. - Vegalengd: 2 km. - Göngtími: 2-3 klst. Í meðallagi erfið gönguleið. Gvendarskál er nefnd eftir Guðmundi góða Arasyni Hólabiskup (1203-1237). Í skálinni átti Guðmundur sitt athvarf til trúarlegar iðkunar og er talið að hann hafi jafnan beðist fyrir við stóran stein og nefndur er Altarið.



TILLAGA 12: SKILTI

Lagt er til að við fullnaðarhönnun og gerð skilta verði farið eftir leiðbeiningum Vegrúnar, samræmdu merkinga- og leiðakerfi, sem er sérstaklega hannað til að af að falla að náttúru Íslands.

Setja skal uppskilti,

- þar sem þau trufla ekki umferð gangandi vegfarenda né spilla ásýnd.
- meðfram stígum og við vegamót skal koma upp vegvísunum.
- við áningarstaði skal setja upp hallandi almenn skilti og önnur lágreist skilti við minjasvæði.
- við bílastæði og upphaf gönguleiða skal setja upp almenn upplýsingaskilti með korti og helstu áningarstöðum.

Við minjasvæði er möguleiki að koma upp lokunum til að ekki myndist villustígar til dæmis með kaðlagirðingum.

YFIRBRAGÐ SKILTA

Samræmt skiltakerfi Vegrúnar

Stór almenn upplýsingaskilti við aðkomu á bílastæðasvæðum



Hallandi almenn skilti við áningarstaði



Samhliða því að nýta kerfi Vegrúnar er hægt að þróa ákveðið útlit á umgjörð skilta, sbr. Urriðaholt




Vegvitar og vegprestar upplýsa um fjarlægðir



YFIRBRAGÐ ÁNINGARSTAÐA

Yfirborðsefni

Hellur, grjóstíklur, mól, grindur eða timbur



Afmörkun svæða

Hleðslur



Búnaður

Skilti, bekkir og/eða nestisborð



Hleðslur eru ólíkar eftir landsvæðum. Lagt er til að hleðsla á Hólum taki mið af hleðsluaðferðum sem notaðar hafa verið í nánasta umhverfi.

Dómkirkjan á Hólum er hlaðin úr rauðum steini sem var fenginn úr Hólabyrðu. Rétt er að horfa til hans við nánari hönnun.

Lagt er til að horfa til þess efniviðar sem skógurinn gefur af sér.

Horft lengra fram í tímann!

Gamla fjósið:


Gestastofa Hólastaðar: (Móttaka, sýning um sögu Hólastaðar frá landnámi til nútíma, sérsýningar, skrifstofur og rými fyrir frumkvöðla, kaffihús,

Sögusetur íslenska hestsins

a) Gamla hesthúsið: Klára að setja upp sýningu sögusetursins (í syðra rýminu)

b) Bragginn: Flytja sýningu Sögusetursins í braggann og hafa hestaleigu við hliðina þ.e. aðstaða við hesthúsið

Búshúsið, Prestssæti 4-6-8: Nýta má húsið fyrir allt að 17 stúdíóíbúðir. Burðarþol er í útveggjum. Gólf og loftplata styðja burðarþolið. Því má rífa alla milliveggi og hanna húsið upp á nýtt samkvæmt Baldvini Bjarka Baldvinssyni öryggis- og staðarumsjónarmanni á Hólum 2023. Frábært útsýni til suðurs og tækifæri til að bæta hæð ofan á húsið. Eigandi: Nemendagarðar Hólaskóla. Búshúsið er skv. aðalskipulagi á skipulagðri íbúðabygging.



Stúdíóíbúðir með heitum pottum gætu vel átt heima í gamla Búshúsinu. Mynd: Stúdíóíbúðir í Sæluhúsunum á Akureyri. Hver íbúð er 33 m².

Skólastjórabústaðurinn (til stendur að selja hann): Gistihús með heitum pottum og/eða kaffihús, eða kaffihús í gróðurhúsi við bústaðinn. Setja svo upp samkomustað utandyra á Prestssæti (falin paradís og dreifir fólki um Hólastað).

Sundlaug: Baðhús og spa. Glerveggur til norðurs í stað núverandi trégrindverks, þar sem horft er út á Skagafjörð og Virkið blasir við. Stækka svæði til norðurs eins mikið og hægt er. Útsýnis- og hitapollur. Hafa útisvæðið samliggjandi með veitingastaðnum .

FYLGISKJÖL

1. Gæðaviðmið við uppbyggingu og áfangastaðastjórnun Hólastaðar, 2023.

Unnið af Heimavinnu úr gögnum Vörðu, 2023.

2. Hönnunartillögur Landslags 2023

Anna Kristín Guðmundsdóttir landslagsarkitekt og Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur. *Hólar í Hjaltadal. Uppbygging áfangastaðar fyrir ferðamenn. Drög að skipulagi.* Unnið fyrir Heimavinnu vegna áfangastaðaverkefnis, 11. október 2023. Bls. 1-32.

3. Greinargerð frá 2006

Hlín Sverrisdóttir landslagsarkitekt og skipulagsfræðingur, Pétur H. Ármannsson arkitekt í samráði við Þorstein Gunnarsson arkitekt. *Hólar í Hjaltadal. Greinargerð um framtíðarsýn.* Unnið fyrir Samráðsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hólaskóla, september 2006. Bls. 1-14.

4. Teikningar Fjós, Sögusetur og Búshús

Stoð ehf verkfræðistofa. *Fjósið á Hólum. Aðalteikning.* Maí 2011. Bls. 1-4.

Stoð ehf verkfræðistofa. *Safnahús, Sögusetur. Aðaluppdráttur – 1. áfangi.* Nóvember 2010. Bls. 1-4.

HEIMILDASKRÁ

Amazing architecture. Sótt nóvember 2023 af <https://amazingarchitecture.com/visualization/house-over-the-lake-a-holiday-home-with-green-roof-in-whistler-canada-concept-design-by-omar-hakim>

Góðar leiðir. Sótt í júní 2023 af godarleidir.is

Guðbrandur Þorláksson. Sótt í september 2023 af is.wikipedia.org/wiki/Guðbrandur_Þorláksson

Gunnar Rögnvaldsson. Samtal 2. janúar 2024.

Hjalti Pálsson (aðalhöfundur), Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson: *Byggðasaga Skagafjarðar. Hólahreppur*. 2011.

Hlín Sverrisdóttir landslagsarkitekt og skipulagsfræðinur, Pétur H. Ármannsson arkitekt í samráði við Þorstein Gunnarsson arkitekt. *Hólar í Hjaltadal. Greinargerð um framtíðarsýn*. Unnið fyrir Samráðsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hólaskóla, september 2006.

Kortasjá Skagafjarðar. Sótt í september, <https://www.map.is/skagafjordur>

Lög nr. 20/2026 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum: Sótt í júní 2023 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016020.html>

Markaðsstofa Norðurlands. *Áfangastaðáætlun Norðurlands. Okkar áfangastaður*. Sótt í júní af <https://www.northiceland.is/static/files/DMP/afangastadaaetlun-2021-2023-2022-uppfaersla.pdf>. Bls. 1-84.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið. *Varða. Merkisstaðir Íslands*, júlí 2022.

Náttúrustígar. *Leiðbeiningar um gerð náttúrustíga*. Sótt í júní 2023 af <https://godarleidir.is/natturustigar/inngangur>

Ólína Jónasdóttir. (1951). Heim að Hólum. *Búfræðingurinn*. XVI. árgangur. Ársrit Hólmannafélags og Hvanneyrings. Ritstjóri Gunnlaugur Björnsson, 105. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.

Stoð ehf verkfræðistofa. *Fjósið á Hólum. Aðalteikning*. Maí 2011.

Sveinn Brynjólfsson, Brynjólfur Sveinsson, Halldór G. Pétursson: *Könnun á ofanflóðum í Skagafirði austan Vatna utan Akrahrepps*. Veðurstofa Íslands, 2019. Sótt í desember 2023 af https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_006_vef.pdf

Sveitarfélagið Skagafjörður. *Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 – Þéttbýlisuppráttur Hólar*. Sótt í ágúst 2023 af https://www.skagafjordur.is/static/files/Skipulagsmal/2022/Adalskipulag-Loka/19140_ask_t_thu_04.pdf

Sveitarfélagið Skagafjörður. *Aðalskipulag sveitarfélagssins Skagafjarðar 2020-2035. Greinargerð*. Júní 2021 – uppfærð febrúar 2022.

Sölvi Sveinsson. *Bændaskólinn á Hólum 1882-1982. Afmælisrit*. 1982.

Vegrún. *Merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum*. Sótt í júní 2023 af <https://godarleidir.is/vegrun/inngangur>

LJÓSMYNDIR

Arna Björg Bjarndóttir, 2023

Hjalti Pálsson, 2024 (úr ljósmyndasafni)

Kári Heiðar Árnason, 2017

Magnús Barðdal, 2023

MYNDIR

[Eitt hundarð krónur]. Sótt í janúar 2024 af <https://en.numista.com/catalogue/note202306.html>

[Fimmtíu krónur]: Collection, sótt í nóvember 2023 af <https://notescollector.eu/pages/en/notes.php?notelid=1914>

[Íslandskort]: Frægasta og verðmætasta Íslandskortið, sótt í nóvember af 2023 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/11/21/fraegasta_og_verdmaetasta_islandskortid/

